



Bls. 8



Mikil hvatning

Bls. 13



Fagna ákvörðun Eflingar

Bls. 14



Stoltur af traustinu

Bylting!



Loksins!

Cremefine til þeytingar með vanillubragði. Þér er nánast óhætt að drekka hann án þess að finna fyrir svo mikið sem votti af samviskubiti!

Cremefine Vanilla er ljúffengt með kökum og ís og hentar auk þess frábærlega til ísgerðar eða óþeyttur út á berin.

**Aðeins
19% fita.**

Með jurtafitu

Freisting sem óhætt er að falla fyrir!



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Práinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Anna Lilja Sigurðardóttir
Ágúst Þorláksson
Bergþóra Margrét Jóhannsdóttir
Fjöla Jónsdóttir
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálmfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Elínarsdóttir
Ólaf Björk Björnsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Práinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Kolbrún Stefánsdóttir
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Útlit og umbrót

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænit sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501

Skrifstofa Eflingar er opin á sumartíma frá öðrum mánudag í maímánuði ár hvert kl. 08.30 – 16.00 á vetrartíma frá öðrum mánudag í september frá kl. 08.30 – 16.30. Alla föstudaga er skrifstofa lokað kl. 16.00

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511



Sigurður Bessason

Framlenging kjarasamninga

Skynsamleg niðurstaða forsendunefndar

Alþýðusambandsfélögin stóðu frammi fyrir erfiðri ákvörðun á dögnum þegar forsendunefnd ASÍ og SA reyndi að ná niðurstöðum sem byggja mætti á við framlengingu kjarasamninga. Það var ekki deilt um að ríkisstjórnin hafði klúðrað stjórn efnahagsmála þannig að verðbólga er hér allt of há og gengi þannig skráð að hvert fyrirtækið af öðru er nú á leið úr landi og önnur rekin með miklum halla. Launamenn standa margir frammi fyrir nokkurri kjaraskerðingu af manna völdum.

Forsendunefndin komst að skynsamlegri niðurstöðu þar sem reynt var annars vegar að vinna gegn kjaraskerðingunni með eingreiðslu og innspýtingu inn í launahækkunina um áramótin 2006-7 og síðan félagslegum úrbótum sem í framtíðinni munu hafa meiri þýðingu fyrir hinn almenna launamann innan ASÍ en við sjáum á þessari stundu.

Það er stórmál að það tókst að vinna ríkisstjórnina á band okkar varðandi örorkulífeyrismál. Að öllu óbreyttu stefndi í skerðingu almenns lífeyris innan ASÍ sjóðanna. Með framlagi stjórnvalda má gera ráð fyrir því að skerðingum af völdum örorkulífeyris verði bægt frá sjóðunum á næstu árum. Mesti ávinningurinn er fólgin í viðurkenningu ríkisstjórnarinnar á því að örorkan er samfélagslegur vandi sem öll þjóðin þarf að taka á - ekki bara lífeyrissjóðirnir innan ASÍ þar sem launafólkið sem hefur borið þungann af erfiðisstörfum alla tíð, átti síðan þar að auki að taka á sig skerðingar vegna þungrar örorku félaga sinna. Hér er réttlætismál í höfn og ástæða til að lýsa velþóknun á breytttri afstöðu stjórnvalda í þessu efni.

Það er einnig stórmál að tókst að koma böndum á starfsmannaleigurnar með fyrirheitum stjórnvalda um lagasetningu þar sem meginatriði draga að lögum liggja þegar fyrir. Stjórnvöld og stofnanir skortir verkfæri til að taka á óheiðarlegum og óþrúttum atvinnurekendum sem hafa komið sér fyrir í gervifyrirtækjum í formi starfsmannaleiga og geta með óheiðarlegum lögmonnum spilað með launafólki að vild. Hér er loks kominn grundvöllur að leikreglum þar sem stjórnvöld og verkalýðsfélög hafa verkfæri til að taka á málinu. Það vantar smíðshöggð á ábyrgð notendafyrirtækjanna og vonandi tekst að sníða þann agnúa af í lagasetningunni.

Það er ekki síður stórmál að framlag til menntamála þeirra sem búa að skammri skólagöngu er nú margfaldað. Þessi hópur launafólks á inni stóran pakka hjá stjórnvöldum þar sem hann hefur ekki sótt framlög sín til langrar skólagöngu eins og aðrir.

Breytingar á atvinnuleysislögjöfnni hljóta að teljast spor fram á við í réttindabaráttu okkar fyrir mannsæmandi kjörum fyrir alla landsmenn. Hingað til hefur launafólk hrapað í tekjum við að fara á atvinnuleysisbætur. Nú kemur tímabundin viðspyrna þar sem fólk fær tekjutengingar við fyrri laun um tíma meðan það aflar sér nýrrar atvinnu. Þetta geta orðið mikilvæg réttindi, sérstaklega í niðursveiflu atvinnulífs með auknu, tímabundnu atvinnuleysi.

Mikilvægur áfangi í starfi Eflingar

Starfmenntaverðlaunin

Allt frá stofnun Eflingar-stéttarfélags hefur einn grunntónninn í starfsemi félagsins verið efling starfmenntunar innan félagsins. Að þessu markmiði hefur verið unnið markvisst í fjölda ára. Það voru því kærkomin verðlaun sem féllu í hlut félagsins á dögnum þegar Starfmenntaverðlaunin komu í hlut þess. Verðlaunin eru umbun allra sem að verkinu hafa komið með okkur. Starfsmanna og stjórnar, fjölmargra samstarfsaðila og félaga okkar í öðrum stéttarfélögum og heildarsamtökum ASÍ sem hafa haldið um árarnar með okkur. Við höldum áfram á sömu leið og sláum taktinn inn í framtíðina - með fræðslu að leiðarljósi

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Samkomulag ASÍ og SA	4	Ánægðir trúnaðarmenn	26
Lög um starfsmannaleigur	6	Frábær íbúð	28
Efling fékk starfmenntaverðlaun	8	Gaman að ferðast	30
Bjartsýni um borgina	10	Guðmundur og Halldór í Hollywood	32
Efling styður mannréttindi	12	Ótrúlegur dagur	34
Stoltur yfir trausti	14	Góð umgengni	36
Uppsagnarfrestur - dómsmál	16	Leonardó í Köben	40
Betra að safna	18	Félagsliðar	42
Skemmtilegt nám	19	Lágmarkssamningur	44
Meira í tungumálinu	20	Verðbólgan angar	49
Ætlar í nám	22	Jólaballið	54
Uppvaskarakeppni	24		

Samkomulag ASÍ og SA

26.000.- kr eingreiðsla í desember

Dregið úr örorkubyrði lífeyrissjóða



Fyrir hverja er eingreiðslan?

Eingreiðslan gildir fyrir launafólk á almenna markaðnum, hjá ríkinu, hjúkrunarheimilum og sjálfseignarstofnunum

Samkvæmt nýju samkomulagi ASÍ og SA fá félagsmenn aðildarféлага þar á meðal í Eflingu eingreiðslu í desember að upphæð 26.000.- krónur hafi þeir verið í fullu starfi. Eingreiðslan viktur síðan inn í kjarasamninginn

Hvernig breytast atvinnuleysisbætur?

- Grunnbætur Atvinnuleysistrygginga verða 96.000.- krónur á næsta ári við gildistöku kerfisbreytingar.
- Bætur hækka sama og laun um áramótin 2007 eða um 2.9%
- Tekjutenging bóta er miðuð við 70% af heildartekjum samkvæmt launaseðlum síðustu sex mánuði, en síðasti mánuður fyrir atvinnu-missi er undanskilinn í viðmiðun. Tekjutenging hefst 10 virkum dögum eftir að atvinnuleysi hefst en fram að því gilda grunnbætur.
- Hámarksbætur geta orðið 180 þúsund á mánuði og getur bótaþegi verið þrjá mánuði á þessum bótum á þriggja ára tímabili.
- Réttur til tekjutengingar endurnýjast á 24 mánaða tímabili

þannig að laun hækka um 2.9% um áramótin 2006-2007. Samkomulagið felur auk þess í sér mikilvægar greiðslur til örorkumála inn í lífeyrissjóðakerfi félagsmanna ASÍ og SA, framlög til starfsmenntamála og til tekjutengingar og hækkunar atvinnuleysisbóta. Þá er stór áfangi í höfn við lagasetningu um starfsmannaleigur. Þetta þýðir að samningum verður ekki sagt upp og kemur næst til endurskoðunar í nóvember 2006.

Þessu til viðbótar hækkar lágmarks-tekjutrygging fyrir fulla dagvinnu í 108.000 kr. um næstu áramót og í 110.000 kr. 1. janúar 2007.

Samkomulagið er gert til að vega á móti skerðingum sem hafa komið til vegna meiri verðbólgu en samningarnir gerðu ráð fyrir.

Framlag til að mæta vaxandi örorkubyrði

Fallist er á að axla ábyrgð vegna

Eingreiðslan 26.000 kr. er til þeirra sem hafa verið í fullu starfi allt árið og eru í starfi síðustu viku í nóvember eða fyrstu viku í desember. Eingreiðslan verður aldrei lægri en 4.500 kr.

Hvaða áhrif hefur framlag stjórnvalda til örorku á lífeyrissjóðina?

Stjórnvöld lýsa því yfir við fram-lengingu kjarasamninganna að þau eru reiðubúin til að vinna að jöfnun örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi sem svarar til 0.25% af trygginga-iðgjaldsstofni og kemur samkomu-lagið til framkvæmda á þremur árum frá 2007-2009 og verður kostnaður um 1,5 milljarður. Þessi yfirlýsing er talin þýða að komið verði verulega til móts við þann vanda sem lífeyrissjóðirnir innan ASÍ standa nú frammi fyrir varðandi aukna örorkubyrði þannig að ekki eða síður komi til skerðingar þessara sjóða á almennum lífeyris-greiðslum á næstu árum.

vaxandi örorkubyrði í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA. Þar með eykst geta sjóðanna til að standa við lífeyrisskuldbindingar og mikilvæg skref stigin til að jafna lífeyrissréttindi í landinu.

Framhald á blaðsíðu 6

ÞÚ GETUR VALIÐ ÚR FJÖLBREYTTRI DAGSKRÁ



Carmen



WOYZECK



SALKA
VASKA



RONJA
RÆNINGJADÓTTIR



Manntafl




KALLI
Á ÞAKINU



Lifsrins Tré



MEIN
KAMPF
GAMAN



[Íd]



alveg
BRILLJANT
SKILNADUR



Belgíska
Kongó

GJAFAKORT!

GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN



ÞÚ FINNUR VARLA GLÆSILEGRI GJÖF!
Gjafakort í Borgarleikhúsið gilda endalaust

BORGARLEIKHÚSIÐ

568 8000 www.borgarleikhus.is



GIRNILEGIR & GÓÐIR SMÁRÉTTIR Í VEISLUNA



OSTA OG SÆLKERAKÖRFUR LÉTTIR RÉTTIR Í HÁDEGINU VEISLUPJÓNUSTA SMÁRÉTTIR SÉRVARA



OSTABÚÐIN *Delicatessen* SKÓLAVÖRÐUSTÍG

Skólavörðustíg 8, 101 Reykjavík – Pöntunarsími: 562 2772



Efling fékk starfsmenntaverðlaunin

Mikil hvatning til okkar allra

- sagði Sigurður Bessason, formaður

Starfsmenntaverðlaun Menntar og Starfsmenntaráðs voru afhent föstudaginn 4. nóvember sl. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Sigurði Bessasyni verðlaunin en þau eru veitt Eflingu fyrir metnaðarfullar lausnir til að svara menntunarpörf félagsmanna sinna og veita öllum tækifæri til náms.

Sigurður Bessason sagði um leið og hann tók við verðlaununum að þessi verðlaun væru veitt öllum þeim sem unnið hefðu að starfsmenntun félagsmanna Eflingar undanfarin ár. Það væri einmitt þetta fólk sem væri að taka við viðurkenningunni, fólk sem með miklum dugnaði og hugsjónum


Þau eru veitt Eflingu fyrir metnaðarfullar lausnir til að svara menntunarpörf félagsmanna sinna og veita öllum tækifæri til náms

hefði komið stórverkefnum á sviði menntamála launafólks í framkvæmd. Hann sagðist vilja óska öllu þessu fólki sem margt væri viðstatt þessa athöfn til hamingju með stóran áfanga félagsins í menntamálum. Hann þakkaði sérstaklega Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur og Garðari Vilhjálmssyni sem unnið hefðu gott starf að menntamálunum.

Viðurkenning til Eflingar er mikil hvatning fyrir okkur öll en ekki síst hvetur hún okkur áfram til enn frekari starfa á sviði starfsmenntunar, sagði Sigurður.

Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim sem þykja vinna framúrskarandi starf í starfsmenntun, hvort sem um er að ræða skóla, samtök, frumkvöðla eða fyrirtæki sem sinna vel fræðslumálum starfsmanna sinna. Verðlaunin eru jafnan veitt í þremur flokkum.

Auk Eflingar fengu Landsvirkjun og Ingibjörg Hafstað einnig viðurkenningu fyrir vel unnið starf að menntamálum launafólks.



ANGUS / 05-0001

Samskipan gleði og þjónustulundar

Fullkominn skipa- og tækjakostur Samskipa og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörunni á áfangastað fljótt og vel. Við trúum því að það sé síðan starfsfólkið, starfsgleði þess og þjónustulund sem ráði úrslitum um ánægju viðskiptavinarins.

Samskip - Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP



Samkomulag við ríkið

- Mjög brýnt að leiðrétta kjör á hjúkrunarheimilum

Þann 11. nóvember sl. var gengið frá samkomulagi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands sem Efling er aðili að. Þar náðust auk launahækkana fram mikilvæg atriði, bæði aukin réttindi í tryggingum og hækkun á framlagi til sjúkrasjóðs. Því miður hefur ekki náðst árangur í viðræðum

við hjúkrunarheimili en brýnt er að leiðrétta kjör starfsmanna í Eflingu á þessum vinnustöðum.

Þegar gengið var frá kjarasamningi við ríkið í mars 2004 voru samningsaðilar sammála um að endurskoða samninginn ef að í ljós kæmi að sambærilegir hópar hjá öðrum stéttarfélögum hefðu fengið hækkanir umfram það sem að hópar í

Eflingu hafa fengið. Við nánari athugun hefur komið í ljós að svo er.

Því var gengið frá samkomulagi 11. nóvember sem felur í sér verulega hækkun slysatrygginga ásamt því að sjúkrasjóður hækkar í 0,55% frá 1. nóvember 2005. Einnig var ákveðið að koma með aukið framlag í stofnanasamninga 1. maí 2006 og aftur 2007. Þá munu launataxtar hækka um 1,5% 1. janúar 2008.

Í framhaldinu mun Efling-stéttarfélag taka upp sambærilegar viðræður við hjúkrunarheimilin. Ljóst er að það hallar í mörgum tilvikum á félagsmenn Eflingar sem starfa á hjúkrunarheimilum í samanburði við aðra starfsmenn sem sinna áþekktum störfum en eru í öðru stéttarfélagi.

Þá hafa lág launakjör þeirra sem sinna almennum umönnunarstörfum leitt til þess að margir hafa sagt upp störfum og er því talsverð mannekla á hjúkrunarheimilum sem veldur því að álagið er enn meira á þeim starfsmönnum sem enn eru við störf. Það er því afar brýnt að forstöðumenn hjúkrunarheimila og fjárveitingarvaldið bregðist við vandanum og leiðrétta kjör starfsmanna eftir því sem kostur er.



Reykjavíkurborg

Nokkur bjartsýni í viðræðum við borgina

Samningar á næsta leiti

Þegar blaðið fór í prentun var ekki enn komin niðurstaða varðandi kjarasamninga Eflingar og Reykjavíkurborgar. Nokkur bjartsýni var ríkjandi meðal samningamanna Eflingar

um að ásættanleg niðurstaða náist í samningnum en talið er að samningar náist fyrir næstu mánaðamót. Því miður tókst ekki að fylgja áætlunum um að ljúka kjarasamningum um

miðjan nóvember þar sem vinna við samningsgerðina reyndist tímafrekari en áætlað var. Þá er verið að vinna að sameiginlegri launatöflu með Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sem einnig þýðir tímafrekari feril en ella.

Í kröfugerð Eflingar eru meðal annars kröfur um aukin framlög til lífeyrissjóðs-, fræðslu- og sjúkrasjóðsmála.

Þá er Efling einnig með kröfu um nýja launatöflu með breyttum lífaldursþrepum. Slík launatafla myndi koma sérstaklega til góða þeim fjölmenna hópi félagsins sem er milli 20 og 25 ára.

Þá er einnig krafa um að flýta hæfnisflokki til símenntunar þar sem komið er til móts við þá sem hafa lengri starfsaldur hjá borginni og taka fyrstu símenntunarflokkarnir einnig til starfsaldurs hjá ríki og öðrum sveitarfélögum.

Kröfugerðin miðast við að samnings-tímabilið verði þrjú ár.

Fjölmarginir fundir hafa átt sér stað milli samningsaðila, þar sem meðal annars var farið yfir vinnutímamál, fatamál og fræðslumál. Einnig er langt komið með að endurskoða samningstextann í heild sinni.

Ljóst er að töluvert þarf að bæta laun þessa hóps, þar sem að hann hefur dregist verulega aftur úr öðrum hópum.

„Á hverjum degi vona
ég að þetta sé dagurinn
sem þú takir eftir mér.“

Mótframlagið þitt

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlagið þitt sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara.

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag. Við bíðum þín í 410 4000 eða á landsbanki.is með ráðleggingar um hvernig þú getur fengið sem mest út úr sambandinu í Lífeyrissparnaði Landsbankans.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

Efling-stéttarfélag

Styður við stéttarfélög á Indlandi

Merkilegt frumkvæði í starfi okkar - segir Sigurður Bessason



Þvottafólkið er það lægst setta í samfélaginu einnig meðal hinna stéttlausu. Mannréttindasamtökin Socaill Action Movement hefur hvatt og hjálpað fólkinu að stofna stéttarfélög. SAM veitir fræðslu og lögfræðiaðstoð og aðra faglega hjálp en fólkið vinnur starfið. Helsta baráttumálið hefur verið að fá greitt í peningum en ekki matarafgöngum.



Merkilegt frumkvæði, segir Sigurður Bessason

Stjórn Eflingar-stéttarfélags hefur ákveðið að hefja stuðning við stéttarfélög og uppbyggingarstarf dalíta á Indlandi. Stjórnin ákvað á vinnufundi sínum í haust að styðja sérstakt verkefni Mannréttindasamtakanna Social Action Movement á Indlandi sem snýst um baráttu verkafólks og stéttleysingja fyrir bættum kjörum. Hjálparstarf kirkjunnar verði samstarfsaðili Eflingar um verkefnið. Félagið mun á þessu ári leggja fram 750 þúsund krónur til þessa verkefnis og annað eins á næsta ári 2006.

Sérstakt samkomulag verði gert til Hjálparstarf Kirkjunnar um málið, en samstarf við HK hefur verið í undirbúningi

um nokkurra mánaða skeið. Efling-stéttarfélag hefur fengið skýrslu um mál dalítanna sem búa við afar erfiðar þjóf-félagsaðstæður. Þá hafa forsvarsmenn Hjálparstarfsins heimsótt Eflingu og kynnt málið í stjórn félagsins.

Þetta er merkilegt frumkvæði í okkar starfi, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar. Við höfum í þessu stóra félagi velt því mikið fyrir okkur hvernig við gætum komið að góðum verkefnum erlendis, þar sem þörf er á stuðningi í mannúðar- og verkalyðsmálum. Efling-stéttarfélag er orðið það öflugt félag að það getur látið til sín taka erlendis en við höfum ákveðið að einbeita okkur fyrst

að þessu eina verkefni á Indlandi sem er verulega áhugavert og það minnir líka að mörgu leyti á réttleysi launafólks hér á landi og á Norðurlöndum við upphaf verkalyðsbaráttunnar nema hvað réttleysi þessa fólks á Indlandi er algert og mikilvægt að rétta því hjálparhönd, segir Sigurður. Það sem er einkennandi fyrir Social Movement á Indlandi er að þetta er sjálfshjálparverkefni þ.e.a.s að aðstoðin er skilyrt því að fólkið sjálft sé virkt í öllu starfi að uppbyggingu verkalyðs- og mannréttindamála. Við höfum hrist af þessari aðferð þeirra og Hjálparstarf kirkjunnar er að vinna þarna einstaklega gott starf, segir hann að lokum.



Framkvæmdaraðili verkefnisins eru mannréttinda-samtökin Social Action Movement í Tamil Nadu sem Hjálparstarfið hefur átt mjög farsælt samstarf við í áráraðir



Séra Martin, katólskur prestur og stjórn málafræðingur, stofnandi og leiðtogi SAM á tali við stéttleysingja. Mennirnir eru að búa sig undir samningaviðræður við efri stéttir um ónotaðan landskika. Stéttleysingjar mega strangt til tekið ekki eiga land. Ef þeim tekst að rækta ónotað land í þrjú ár án þess að nokkur skipti sér af því geta þeir farið fram á að eignast það. Oftar en ekki er komið í veg fyrir það, einhver af efri stétt segist hafa verið í burtu, sé nú kominn aftur að endurheimta land sitt. Það er uppspuni en fólkið hefur engin ráð til að mótmæla því. SAM vinnur með þeim eftir lögfræðilegum leiðum til að ná þessum rétti sínum.



Grjóthöggvarar, stéttleysingjar: Þetta fólk var flutt úr þorpi sínu á óbyggt svæði þar sem grjót var höggvið úr klettum. Fólkið andar að sér steinryki, fetar sig yfir oddhvasst grjótið og hefur sleggju eina til að mólva berghnullunga í mól. Fólkið fékk byggingarefni í strákofa hjá námueigandanum í reikning. Laun eru svo lág að fólkið nær ekki að greiða skuldina. Það getur ekki leitað vinnu annars staðar því þá þarf það að greiða fyrir byggingarefnið og það getur það ekki. Myndin er tekin eftir stormasama nótt þar sem kofi þeirra hrundi. Vinnuveitandinn leggur ekki til efni í nýtt hús og segir fólkinu að flytja inn til samverkamanna. Engir skólar, heilsugæsla, búðir né önnur þjónusta er í nágrenni við vinnustaðinn. Þetta eru nútíma þrælabbúðir, ein af mörgum, sem mannréttinda-samtökin Social Action Movement hafa sagt stríð á hendur. SAM hefur hvatt og hjálpað fólkinu í réttindabaráttu sinni, hefur komið á fót forskólum fyrir börn þeirra svo þau spjari sig í almennum skólum og sér þeim fyrir vítamínum og bóluþetningum.

Jónas Þór Þórisson

Fagna ákvörðun Eflingar

Hjálparstarf kirkjunnar fagnar mjög þeirri ákvörðun stjórnar Eflingar að ganga til liðs við stofnunina og styðja þannig stéttarfélag dalíta, stéttlausra verkamanna á Indlandi, segir Jónas Þór Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs Kirkjunnar í samtali við

Eflingarblaðið. Framkvæmdaraðili verkefnisins eru mannréttindasamtökin Social Action Movement í Tamil Nadu sem Hjálparstarfið hefur átt mjög farsælt samstarf við í áráraðir. Verkefnið miðar m.a. að því að byggja upp þekkingu og getu félagsmanna,

efla verkalyðsleiðtoga og styðja við smálánasjóð félagsins sem félagsmenn greiða í. Þetta er okkur öllum hvatning og við höfum komið þessum góðu fréttum frá ykkur á framfæri við okkar samstarfsfólk á Indlandi.



Jónas Þór Þórisson



Stoltur að vera treyst fyrir þessu starfi

- segir Ingvi Páll Gunnlaugsson á Múlaborg

Ég sótti um vinnu í leikskólanum fyrir tveim árum, eftir að ég var ráðinn þjálfari yngri flokks í körfubolta hjá Haukum í Hafnarfirði. Þjálfunin fer aðallega fram á kvöldin og mig vantaði vinnu á daginn, segir Ingvi Páll Gunnlaugsson, nýráðinn deildarstjóri á Kisudeild á leikskólanum Múlaborg. Ég er ekki með menntun leikskólakennara og varð mjög glaður, þegar í ljós kom að mér var treyst fyrir þessu starfi, segir hann. Ingvi er í hópi sjö yngri karlanna sem vinna í dag á leikskólanum og þykir frétt næmt þar sem karlar hafa hingað til ekki verið áberandi í störfum á leikskólum borgarinnar.

Það eru 22 börn á deildinni á aldrinum fjögurra til sex ára og maður þarf að hafa sig allan við að skipuleggja starfið yfir daginn og taka á móti foreldrum í viðtöl.

Ég starfaði mikið með börnum í Borg-

arnesi við þjálfun áður en ég flutti til Reykjavíkur. Svo hef ég unnið í grunnskólum og var m.a. íþróttakennari í Áslandsskóla í Kópavogi í eitt ár. Þannig að ég hef mikla reynslu af því að vinna með börnum.

Starfsandinn á leikskólanum er mjög góður


Ingvi Páll segir að sjö karlar á aldrinum 19 til 40 ára vinna á leikskólanum. Þar af eru sex í störfum leiðbeinenda og einn vinnur í eldhúsi. Almennu eru flestir karlarnir í tveim störfum vegna þess að launin eru svo lág.

En ef kjarasamningarnir, sem er

verið að vinna í núna færa okkar hópi þ.e. starfsfólki á leikskólum sem ekki er kennaramenntað góðar launahækkanir, þá trúi ég því að körlum eigi eftir að fjölga talsvert í störfum á leikskólum í framtíðinni.

Starfsandinn á leikskólanum er mjög góður og þegar konur og karlar af mismunandi þjóðernum vinna saman, skapast mikil fjölbreytni á vinnustaðnum. Það hefur reynslan sýnt okkur á þessum leikskóla, segir hann.

Í sumar sótti ég um að komast í leikskólakennaranám í Kennaraháskóla Íslands, en var hafnað. Þegar ég spurðist fyrir um ástæðuna kom í ljós að ég hafði gleymt að láta einkunnir fylgja með, sem ég fékk fyrir nám í Bandaríkjunum. Ég er staðráðinn í að gera ekki sömu mistök-in, þegar ég sækir um aftur næsta sumar, sagði Ingvi Páll að lokum.



Ræðst gegn verkjum!

Paratabs® – Öflugur verkjabani!



Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum influensu og annarra umgangsepta eins og kvefs.

Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljógandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lífrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lífrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lífrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtnun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtnun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

 **actavis**
hagur í heilsu



Hæstiréttur snéri við niðurstöðum héraðsdóms

Um túlkun uppsagnarfrests

- eftir Huldu Rúriksdóttur, hdl.

Mjög áhugaverður dómur er rakinn hér á eftir og snýst um túlkun á uppsagnarfresti og fleiri atriðum er varða atvinnurekanda sem segir starfsmanni ekki upp með formlegum hætti en telur sig hafa sagt honum upp munnlega. Á þetta reyndi bæði fyrir héraðsdómi og hæstarétti. Málið féll að lokum launamanninum í vil en hann var á þessum tíma félagsmaður í Eflingu.

Málavextir

Málavextir eru þeir að launamaður sem við köllum Jón hér á eftir, hóf störf hjá fyrirtækinu Málun og spörsun við málningarvinnu þann 11. júní 2003. Enginn skriflegur ráðningarsamningur var gerður en samkvæmt afhentum launaseðlum fékk Jón greiddar kr. 1.200 / klst. Vinnu í fyrirtækinu var hagað þannig að Jón og aðrir starfsmenn unnu við málningarvinnu víðsvegar um bæinn. Fyrirsvarsmaður fyrirtækisins lét starfsmenn vita frá degi til dags hvar unnið yrði næsta dag. Engin stimpilklukka var fyrir starfsmennina en Jón hélt sjálfur dagbók yfir vinnustaði og vinnustundir. Jón fékk laun sín greidd mánaðarlega. Hann vann hjá Málun og spörsun til 18. desember 2003 þegar ákveðnu verki lauk og fyrirsjáanlegt var að ekki yrðu fleiri verk fyrir en eftir áramót. Fyrirsvarsmaður fyrirtækisins tjáði Jóni að vinna hæfist aftur eftir

Aldrei hafi verið rætt um það við Jón að orlof ætti að vera innifalið og því bæri fyrirtækinu að greiða orlof ofan á öll laun

áramót. Hann hafði síðan ekki samband við Jón, sem reyndi margítrekað að ná sambandi án árangurs til að fá upplýsingar um hvar og hvenær hann skyldi mæta til vinnu eftir áramót. Það var svo um miðjan janúarmánuð 2004 að Jón náði tali af fyrirsvarsmanni, sem tjáði honum að engin verkefni væru en hann gerði fastlega ráð fyrir að þau kæmu innan tíðar. Jón talað oftast við hann í janúarmánuði en svar hans var alltaf það sama að engin verkefni væru fyrir hendi. Í lok janúarmánaðar leitaði Jón loks til Eflingar-stéttarfélags og lögmaður þess tók málið að sér sem endaði fyrir dómi.

Álitaefni

1) Af hálfu Málunar og spörsunar var tekið til varna þegar málið kom fyrir héraðsdóm. Nokkur álitaefni voru í málinu. Má þar fyrsta nefna orlofslauna-kröfu en Jón gerði kröfu um greiðslu orlofs ofan á laun allan starfstímann. Krafa Jóns byggðist á því að umsamin laun hafi verið kr. 1.200 fyrir hverja klukkustund. Aldrei hafi verið rætt um það við Jón að orlof ætti að vera innifalið

og því bæri fyrirtækinu að greiða orlof ofan á öll laun með vísan til ákvæða orlofslaga og ákvæða kjarasamnings. Fyrirtækið hélt því fram að orlof hefði verið innifalið í umsömdu tímakaupi og því bæri að hafna þessari kröfu.

2) Jón byggði kröfu sína á því að hann hafi verið í samfelldu starfi hjá fyrirtækinu allt til loka janúarmánaðar 2004. Fyrirtækið hélt því hinsvegar fram að Jóni hafi verið sagt upp störfum þann 31. októbermánaðar 2003 með eins mánaðar uppsagnarfresti. Uppsagnarfresti Jóns hafi því lokið í nóvember 2003. Hinsvegar hafi Málun og spörsun útvegað Jóni nokkra tíma í vinnu eftir það, þ.e. í desembermánuði 2003 en ekki hafi verið um fast ráðningarsamband eftir að uppsagnarfresti lauk. Jón mótmælti því að honum hefði verið sagt upp störfum. Hann hélt því fram að jafnvel þó svo að fyrirtækið gæti sýnt fram á að honum hafi verið sagt upp störfum, skipti það ekki máli, því að hann hafi haldið áfram störfum í desembermánuði. Byggt var á því að fyrirtækinu hefði borið að ganga tryggilega frá málum gagnvart Jóni hefði það ætlað sér að breyting yrði á ráðningarkjörum hans.

Framhald á blaðsíðu 50

Efling- trade union

Wages, education and sick benefits



Efling - trade union is one of the largest unions in Iceland with approximately 18.000 members and covers all areas of labour in Reykjavik and its suburbs. Our main task is giving information on wage agreements. You can have assistance from Efling in cases of disagreement with employers.

Efling- trade union has a sick fund. This fund pays sick benefits to those members who are unable to work due to illness or accidents. Efling - trade union has fifty summerhouses in many parts of the country. These can be rented all year round for a week or for weekends.

Efling - trade union also supports members in their efforts to further their education i.e. if they go to school, take courses in vocational education or if they take hobby courses. Special programs are offered for members who take on the responsibility as trade-union representatives in the workplace.



Efling-stéttarfélag, Sætin 1
Sími 510 7500 - Fax 510 7501 • www.efling.is



BERGSTAÐASTRÆTI 13 - SÍMI 551 3083
elsta brauð- og kökugerð landsins
170 ára



Sívinsælt námskeið um fjármál heimilanna

Betra að safna fyrir hlutunum en taka lán

- segir Hrönn Hallgrímsdóttir



Hrönn Hallgrímsdóttir, vinnur við ræstingar í Seðlabanka Íslands. Hún

tók þátt í fjármálanámskeiði Ingólfs Ingólfssonar sem Efling hefur staðið

fyrir undanfarin misseri. Ég hafði heyrt að þetta námskeið hefði hjálpað mörgum til þess að koma böndum á fjármál sín og að leiðbeinandinn væri algjör snillingur. Þannig að þegar ég sá námskeiðið auglýst í Eflingarblaðinu ákvað ég skella mér á það. Þetta var meira svona forvitni en af brýnni þörf. En ég lærði ýmislegt, segir hún.

Það var fjallað um hvernig hægt væri að losna fljótt við skuldir. Muninn á verðtryggðum og óverðtryggðum lánum. Það var þáttur sem ég hafði lítið hugsað um. Svo var aðeins rætt um kaup og sölu á verðbréfum og hætturarnar sem þyrfti að forðast í verðbréfavíðskiptum.

Ég hélt að í íbúðalánum væri bara boðið upp á verðtryggð lán og ekkert annað væri í boði. En annað kom á daginn á námskeiðinu

Svo fannst mér alveg snilld hvernig væri hægt að losna hratt við skuldirnar með því að hafa þær í sem styðstan tíma. Borga þær hratt niður og greiða inn á höfuðstólinn ef aðstæður leyfa.

Það var svona ýmislegt sem hægt er að læra á einu kvöldi. Ég hélt að í íbúðalánum væri bara boðið upp á verðtryggð lán og ekkert annað væri í boði. En annað kom á daginn á námskeiðinu. Núna veit ég að það eru ýmsir valmöguleikar hjá lánastofnunum. Ég hef aldrei skilið af hverju lánin hækka alltaf. Það er sama hvað maður borgar. Maður eignast aldrei neitt í húsnæðinu. Þannig að ég fékk útskýringu á því á námskeiðinu af hverju það væri.

Hann talaði líka um fimm reglur sem á að hafa í huga ef maður sæi eitthvað sem mann langaði að kaupa. Ég hef nýtt mér þær núna. Þær snúast um það að ef mann langar í eitthvað sem kostar meira en fimm þúsund krónur þá á maður að fara heim og bíða í þrjá daga. Finna fimm góð rök fyrir því að þurfa á vörunni að halda. Það má ekki segja að mig langar fimm sinnum. Þannig að ég hef nýtt mér þessa aðferð nýlega. Leiðbeinandinn talaði líka um að það væri betra að safna fyrir hlutunum en að taka lán og það er eitthvað sem ég ætla að prófa.

Ég er mjög sátt með það sem ég lærði.

Desemberuppbót 2005

Almenni markaðurinn	39.700 kr.
Ríki	39.700 kr.
Reykjavíkurborg	39.000 kr.*
Kópavogur, Seltj.nes og Mosfellsbæ	57.989 kr.

* Athugið að verið er að vinna að nýjum samningi við Reykjavíkurborg og líklegt að desemberuppbót breytist.



Starfsmenn í eldhúsum og mótuneytum

Stoltir nemendur útskrifaðir

Merkileg námsbraut er að sanna gildi sitt

Á síðasta vori hófst kennsla á nýrri námsleið fyrir starfsmenn í eldhúsum og mótuneytum. Mjög góð aðsókn var að fyrsta Fagnámskeiði I en það er kennt í 60 stundir og síðan aftur í 60 stundir á Fagnámskeiði II.

Nemendur stóðu sig með mikilli þrýði og fengu mikið lof kennara og

skólastjórnenda hjá Sæmundi fróða sem er símenntunarstofnun innan Hótel- og veitingaskólans.

Nemendurnir skiluðu verkefnum og tóku próf þar sem þeir stóðu sig mjög vel. Þetta er nám sem gefur einingar á framhaldsskólastigi og munu nokkrir nemendur nú þegar hafa ákveðið að

halda áfram í matartæknanám.

Mikil þörf er fyrir aukna menntun starfsmanna í eldhúsum og mótuneytum til að mæta auknum kröfum um hollustu og meðferð matvæla.

Næsta námskeið er nú þegar hafið og verður síðan framhald á þessum námskeiðum árlega.



Leikskólastarfsmenn í námi

Skemmtilegt nám

- segja nemendur

Stór hópur starfsmanna á leikskólum er í formlegu námi fyrir leiðbeinendur á leikskólum. Námið fer fram hjá

Mími-símenntun og var mikil ánægja í hópnum á fimmtudagsmorgni í byrjun nóvember þegar námsfólkinu voru

afhentar axlartöskur fyrir námsgögnin sem gjöf frá Eflingu-stéttarfélagi. Kom gjöfin sér vel þegar í stað.

Það kom fram hjá hópnum að námið er skemmtilegt og þeim gengur vel. Þessi nýja námsbraut hentar leikskólastarfsmönnum afar vel og skapar þeim nýja möguleika á vinnumarkaði.

Þróun á síðustu áratugum er öll á þann veg að æ meiri menntunarkröfur eru gerðar til starfsmanna leikskóla og stundum hefur skort á að reynsla og starfsþekking væri metin til jafns við formlega menntun eins og fram hefur komið í umræðunni um leikskólana undanfarnar vikur. Nýja námsbrautin er fyrir fólk með talsverða reynslu af störfum á leikskólum og varð mikil eftirspurn eftir náminu þegar það var auglýst síðastliðið vor.

Það er Mímir-símenntun sem mun annast stjórnun þessa nýja menntaverkefnis á vegum Eflingar og Reykjavíkurborgar og ef vel tekst til mun Efling án efa standa að áframhaldandi námskeiðum af þessum toga í framtíðinni.



Vinnur við ræstingar á Hrafnistu

Ætla að læra meira í tungumálinu

- segir Edward Polejavski

Það eru ýmis ljón í veginum hjá erlendum starfsmönnum sem koma til starfa hér á landi. Tungumálið vefst fyrir mörgum, sérstaklega ef þeir ráða ekki við ensku til að komast gegnum fyrstu vikurnar í starfi. Edward Polejavski er ungur pólvörji sem kynntist þessum vanda þegar hann kom hingað til lands fyrir fjórum árum og kunni hvorki íslensku né ensku á þeim tíma. En hann hefur unnið sig í gegnum þetta eins og hvert annað verkefni. Frásögn hans er gott dæmi um hvernig hægt er að sigrast á þessum vanda og ná árangri í starfi.

Ég kom hingað frá Gdansk í Póllandi fyrir fjórum árum og fékk fljótlega vinnu við ræstingar á Hrafnistu í Reykjavík. Fyrstu vikurnar voru mjög erfiðar. Ég talaði hvorki íslensku eða ensku og

Samstarfsfólk mitt hefur verið mjög hjálplegt og hvatti mig m.a. til þess að læra íslensku

skildi þess vegna ekki öll fyrirmæli sem ég fékk. En samstarfsfólk mitt hefur verið mjög hjálplegt og hvatti mig m.a. til þess að læra íslensku. Núna hef ég lokið við þátttöku í þrem námskeiðum og öll samskipti á vinnustaðnum ganga miklu betur, segir Edward

Svo vel hefur gengið í starfi Edwards að hann var beðinn um að taka að sér

starf aðstoðarræstingarstjóra síðastliðið sumar.

En það má alltaf gera betur, segir hann og í haust ákvað ég að fara í Landnemaskólann og stefni að því að læra meira í tungumálinu og öðrum námsgreinum sem þar eru kenndar.

Starfsmannamálum á Hrafnistu í ræstingunum er háttað þannig núna að það er bara einn íslendingur í hópnum. Aðrir starfsmenn eru frá ýmsum þjóðlöndum. En samt ganga samskiptin í vinnunni mjög vel. Sumir tala íslensku og aðrir ensku. Svo getum við alltaf bjargað okkur á táknmáli ef annað bregst. Ef námið gengur vel í vetur og ég útskrifast næsta vor gæti ég alveg hugsað mér að fara í frekara nám, sagði Edward og brosti.

Kynntu þér verðði í Bónus

-áður en þú kaupir jólagjöfina...

Bónus býður betur!

EKKERT
BRUÐL

BÓNUS





Íris Ólöf t.v. með samstarfskonu sinni úr leikskólanum

Íris Ólöf Baldursdóttir

Ætlar í nám í matartækni

Ég held að erfiðasta stundin í náminu hafi verið þegar okkur var sagt að við ættum að taka próf

Ég er mjög ánægð að hafa farið á þessi námskeið og stend í mikilli þakkarskuld við yfirmann minn. Hún hvatti mig til þess að sækja um þegar að fyrra námskeiðið var auglýst í vor og hefur

stutt mig mjög vel frá upphafi, segir Íris Ólöf Baldursdóttir matráður á leikskólanum Mánaborg, sem var í hópi 20 kvenna sem útskrifuðust af Fagnámskeiði II í lok október.

Íris hóf störf í eldhúsinu á leikskólanum fyrir tíu árum og hefur unnið þar allar götur síðan, ef undan er skilið eitt og hálf ár. Mig langaði til þess að breyta til og fór að vinna inni á deild með börnunum. En snéri mér svo aftur að eldhúsvirkunum, segir hún. Við erum tvær sem vinnum hér í fullu starfi og eldum fyrir 146 börn og 34 starfsmenn á þrem leikskólum sem eru á vegum Félagsstofnunar stúdenta.

Íris segir að hefði hana grunað hversu umfangsmikið námið var þegar fyrra námskeiðið hófst hefði hún kannski hugsað sig tvisvar um, áður en hún sótti um. Námsfnið fjallaði aðallega um næringarfræði, hreinlætis- og örverufræði, tölvufræði, matreiðslu og samskipti og tjáningu. Mestum tíma var eitt í næringarfræðina, enda tel ég að það sé mjög mikilvægt fyrir alla sem elda mat fyrir börn að hafa góða þekkingu á henni.

Ég held að erfiðasta stundin í náminu hafi verið þegar okkur var sagt að við ættum að taka próf. Þá varð flestum okkur mjög brugðið. En við vorum fljótur að jafna okkur eftir þessi tíðindi og vorum ákveðnar í að gera okkar besta.

Við lærðum mikið saman í hópum og studdum hvor aðra eftir bestu getu. Árangurinn af samstarfinu kom svo í ljós í prófunum, því að mér gekk mjög vel og það sama á við um allan hópinn. Námið skilar sjö einingum og ég er ákveðin að nota þær og fara í nám í matartækni sem fyrst, sagði Íris að lokum.

Jólamáltíð fyrir fjóra - að hætti Írisar

Flestir eiga sinn jólamat sem þeir hafa eldað árum saman fyrir fjölskylduna. Ekki er líklegt að þeir breyti út af föstum lið á aðfangadag. En til eru þeir líka sem vilja prófa eitthvað nýtt um jólin og þá er þessi spennandi og gómsæti réttur hennar Írisar góður kostur.

4 Lambalundir
4-6 msk. Dijon sinnep
1 Búnt ferskt timían
1/2 Búnt ferskt rósmarín
1 – 2 Hvítlauksrif
Malaður svartur pipar
Smjördeig

Steikið lundirnar á heitri pönnu í u.þ.b.

eina mínútu á hvorri hlið. Snúið fituhliðinni niður fyrst, takið lundirnir af og kælið aðeins.

Hrærið saman sinnep, kryddjurtir, hvítlauk og pipar og berið vel á lundirnar. Gott er að geyma eina matskeið til að setja í sósuna. Vefjið smjördeigi utan um og setjið í 200° heitan ofn í 7-10 mínútur.

Sósa

1 Gullotur
1/2 Gráðostur
Sveppir eins og hver vill
1 msk. Dijon sinnepsblanda (sjá kjöt)
1 msk. Rífsberjagel
Lambakraftur
Matarrjómi

Sveppirnir eru steiktir í smjöri og lambakrafti. Osturinn er skorinn í litla bita og

settur út í ásamt sinnepsósu og rífsberjageli. Hellið rjóma út í eftir smekk.

Gott er að skera hvítu skánina utan af Gullostinum, þannig að ekki komi hvítir kekkir í sósuna.

Salat

4 – 5 Stórir tómatar
Mozzarella ostur
Rauðlaukur
Ferskt basil
Svartur pipar

Skerið tómata í sneiðar ásamt mozzarellaostinum og raðið sitt á hvað á fat. Skerið rauðlaukinn og ferskt basil mjög smátt og stráðið yfir ásamt ferskum muldum pipar.

Og þá er rétturinn til, Bon appetit!

Eftir námskeið um mötuneyti

Aetlar að halda áfram í námi

- segir Guðrún Arnfinnsdóttir

Samstarfsskona mín spurði hvort ég vildi koma með sér á námskeið í Mennta-skólanum í Kópavogi, sem væri fyrir starfsfólk í mötuneytum. Ég svaraði því játandi og hugsaði með mér að það hlyti að vera í lagi að fara á eitt námskeið. En ég vissi ekki hvað ég var búin að koma mér í fyrr en við mættum í MK. Því að þá kom í ljós að námskeiðið átti að standa í átta vikur og var fyrri áfangi í Fagnámi. Mér brá mjög við þessi tíðindi og mér átti eftir að bregða ennþá meira þegar í ljós kom að við þyrftum að taka próf í fögunum sem við lærðum á námskeiðinu. En ég jafnaði mig fljótlega og eftir smá umhugsun ákvað ég að vera kyrr í stólnum segir Guðrún Arnfinnsdóttir, matráður sem útskrifaðist að Fagnámskeiði II í lok október.

Hún segist ekki sjá eftir því að hafa tekið þátt í báðum námskeiðunum. Tímanum hafi verið vel varið í hópi frábærra kvenna sem luku náminu með glæsibrag. Til stóð að veita einum nemanda viðurkenningu fyrir góðan námsárangur. En hætt var við það þegar í ljós kom að það var nánast enginn munur á frammistöðu þeirra sem tóku prófin.

Guðrún skipti um vinnustað í sumar og tók við mötuneyti hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Aðspurð segist hún sakna vinnufélaga sinna í Snælandsskóla í Kópavogi. Ég vann í mötuneyti kennara. En svo var það sameinað mötuneyti nemenda og þá fannst mér kominn tími til þess að breyta til og sótti um vinnu hjá Krabbameinsfélaginu.

Í hádeginu koma um 60 manns í mat og Salatbarinn er alltaf vinsælastur. Svo hef ég líka einn heitan rétt með. Mötuneytið hér er mun rólegri vinnustaður en fyrri vinnustaður minn og launin eru aðeins betri, þó að vinnutíminn hjá mér sé styttri núna.

Eftir áramót sest ég aftur á skólabekk í MK, þegar ég byrja á námi í matartækni, ásamt nokkrum konum sem útskrifuðust með mér af Fagnámskeiðunum, sagði Guðrún að lokum.

Mér átti eftir að bregða ennþá meira þegar í ljós kom að við þyrftum að taka próf



Eftirrættir Guðrúnar

Hér fylgja með tvær uppskriftir af eftirrættum og ein af forrætti frá Guðrúnu, sem lesendur blaðsins geta spreitt sig á um jólin.

Kanilberta:

*Efnisnotkun.
175 g smjörlíki
175 g sykur
175 g hveiti
1 egg
2 tsk kanill*

Deigið er hnoðað og síðan sett í fjögur ca 20 cm hringlaga form. Bakist við 180 gr hita. Snöggbakist eins og smákökur.

Fylling:

*1/2 ltr rjómi (þeyttur)
75 g suðusúkkulaði
2 msk matarolíu*

Rjóminn er þeyttur og settur á milli botnanna. Bræðið súkkulaðið og setjið matarolíuna út í og setjið síðan ofan á kökuna.

Pönnukökur Guðrúnar fyrir sex.

Notið sex venjulegar pönnukökur.

*Fylling:
2 – 3 perur
150 g steinlausar döðlur
1 msk smjör
1 msk hlýnsíróp
Grand Marnier
3 msk rjómi
3 msk vatn*

Flysið perurnar og fjarlægið steinana. Skerið perurnar og döðlurnar í bita og mýkið í smjörunu á pönnu. Bragðbætið með sírópinu. Hellið smá skvettu af líkjörnum yfir og berið eld að pönnunni (flamb-erið). Hristið pönnuna og setjið rjómann og vatnið yfir. Takið pönnukökurnar og setjið ávaxtafyllingu inn í þær ásamt einni ískúlu. Lokið pönnukökunum, dreypið ef til vill örlitlu Grand Marnier yfir hverja og setjið rjómatopp ofan á.

Framhald á blaðsíðu 51



Vaskasti uppvaskarinn

Við leitum að kraftmiklum keppendum!!!

Nú stendur yfir leit að kraftmiklum uppvöskurum á veitingastöðum landsins. Hingað til hafa þeir sem vaska upp á veitingastöðum ekki verið mjög sýnilegir, þó að uppvaskið sé nauðsynlegur þáttur í öllum veitingarekstri. Starfsfólkið í uppvaskinu er venjulega bak við lokaðar dyr og vinnur fjarri sviðsljósinu. Þetta breytist á árinu 2006 þegar forkeppni fer fram um bestu uppvaskarana hér á landi

og í framhaldi af því mun hópur þeirra bestu halda á Norðurlandameistaramót

Efling-stéttarfélag hefur ákveðið að taka þátt í þessu verkefni sem stuðningsaðili enda er fjöldi félagsmanna sem vinnur þessi mikilvægu störf á veitingastöðum og hótélum

í Stokkhólmi í apríl 2006. Verkefnið er liður í því að skapa virðingu fyrir öllum störfum á veitingastöðum.

Frændur okkar í Svíþjóð hafa um árabil haldið keppnir af þessu tagi og var fyrst keppt í greininni árið 2000 í Svíþjóð en allar Norðurlandþjóðirnar munu etja kappi í Stokkhólmi á næsta ári til að finna fremsta uppvaskara Norðurlanda.

Efling-stéttarfélag hefur ákveðið að taka þátt í þessu verkefni sem stuðningsaðili enda er fjöldi félagsmanna sem vinnur þessi mikilvægu störf á veitingastöðum og hótélum. Félagið vonast til að sem flestir félagsmenn gefi kost á sér í forkeppnina. John Lindsay er aðalstuðningsaðili sem fyrirtæki að þessu verkefni en félög matreiðslumeistara á Norðurlöndum taka líka þátt í þessu verkefni og dómarar koma úr röðum þeirra.

Hvernig skrái ég mig í keppnina?

Atvinnurekendur geta hvatt starfsfólk sitt til að skrá sig í keppnina en einnig geta allir starfsmenn sem vinna við uppvask á veitingahúsum eða í stóreldhúsum skráð sig í keppnina. Keppendur keppa svo ýmist fyrir eigin hönd eða viðkomandi veitingahús en í lokakeppninni keppa þeir fyrir hönd Íslands. Umsjón með vali keppenda hefur John Lindsay hér á landi og hægt er að skrá sig beint á netfangið lindsay@lindsay.is.

Til mikils að vinna

Það er til mikils að vinna að taka þátt í þessari keppni. Í fyrsta lagi að styðja það góða verkefni að lyfta þessum störfum í eldhúsinu í þann sess sem þessi mikilvægu störf eiga skilið. En svo fá allir þátttakendur hér innanlands verðlaun fyrir þátttökuna fyrir utan auðvitað möguleikann á að fara utan og etja kappi við frændur okkar á Norðurlöndunum. Þeir fimm keppendur sem verða valdir fyrir Íslands hönd fá allir greiddan ferðakostnað, ferðir og gistingu í Stokkhólmi meðan á ferðinni stendur. Auk þess fá vinningshafar vegleg verðlaun.

Því ekki að taka þátt???

Þá er bara að skella sér í **Vaskasta uppvaskarann** en það er heiti keppinnar eða benda á einhverja áhugasama í keppnina. Forkeppnin verður haldin í tengslum við Mat 2006 í Smáranum sem haldin er í lok mars á næsta ári. Frestur til að skila umsóknum um þátttöku er til 15. febrúar 2006. Aðalkeppnin í Svíþjóð verður í apríl 2006.

VASKASTI UPPVASKARINN



NORÐURLANDAMEISTARAMÓTIÐ Í UPPVÖSKUN 25. APRÍL 2006

Að þvo upp er mikilvægur þáttur í rekstri veitingahúsa. Á vörusýningunni „Gastro Nord“ í Svíþjóð var árið 2000 í fyrsta sinn haldin keppni þar sem valinn var „uppvaskari ársins“. Þetta var fyrsta uppvöskunarkerppni heims. Núna er stefnt að Norðurlandameistaramóti í uppvöskun í Stokkhólmi 25. apríl 2006. Þar munu uppvaskarar frá Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi etja kappi og velja þann fremsta.

FORKEPPNI Á „MATUR 2006“

Á vörusýningunni „Matur 2006“, sem fram fer í mars nk., verður haldin forkeppni í uppvöskun þar sem valið verður í íslenska landsliðið. Fimm bestu uppvaskararnir munu skipa íslenska liðið sem fer til Svíþjóðar og keppir fyrir Íslands hönd. Ferðir og gistingu fyrir allan hópinn greiða John Lindsay og DiskTeknik.

PÁTTÖKUSKRÁNING

Skráning er opin öllum uppvöskurum í veitingahúsum og stóreldhúsum. Vinnuveitandi verður að skrá umsækjandann. Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í keppninni geta látið skrá sig beint á heimasíðunni www.arettdiskare.com eða um netfangið lindsay@lindsay. Skráningarfrestur er til og með 15. febrúar 2006.



Ánægðir trúnaðarmenn

Það voru ánægðir trúnaðarmenn sem Fréttablað Eflingar náði tali af eftir árangursríkt námskeið á haustdögum. Krístrún B. Loftsdóttir og Ágúst Ingi Sigurðsson áttu stutt spjall við blaðið.



Mannlegri samningar hjá Borginni

- segir Krístrún B. Loftsdóttir

Krístrún vinnur á leikskólanum Barónsborg og tók við starfi trúnaðarmanns Eflingar síðastliðinn vetur. Hún segir að námskeiðið hafi verið mjög vel skipulagt og margt að því sem leiðbeinendur hefðu fjallað um hefði komið sér á óvart. Ég hafði t.d. ekki gert mér grein fyrir því að kjarasamningur okkar sem vinnum hjá Reykjavíkurborg er mun mannlegri en kjarasamningurinn sem farið er eftir á almennum vinnumarkaði. Eins og fram kemur í mun meiri réttindum í veikindum starfsmanna hjá borginni og fleiri greinum samningsins, segir hún.

Annað námsefni var líka mjög fjölbreytt og fjallar m.a. um orlofsmál, sjúkrasjóðinn, einelti og fleiri réttindamál sem skipta okkur miklu. Þá var mjög gagnleg umfjöllun um félagið og hvernig best sé að afla upplýsinga til að leysa mál sem upp koma á vinnustöðum. Ég tel mig vera mun betur undirbúna til þess að takast á við þetta starf og er ákveðin að fara á framhaldsnámskeið, sagði Krístrún að lokum.

Ágúst Ingi Sigurðsson



Skilar hæfari trúnaðarmönnum

Ágúst Ingi, vinnur hjá Össuri hf og var kosinn trúnaðarmaður Eflingar í febrúar á þessu ári. Hann segir að námskeiðið hafi verið bæði fróðlegt og skemmtilegt og þátttakendur hafi náð mjög vel saman. Námið hófst á umfjöllun um vinnumarkaðinn og verkálýðshreyfinguna. Síðan var fjallað um starf og stöðu trúnaðarmanna, hvernig rannsaka ætti mál og fylgja þeim eftir, tengsl á vinnustað og vinnustaðafundi og samskipti á vinnustað. Einelti og vinnuréttur fengu líka talsverða umfjöllun og starfsfólk Eflingar fór yfir kjarasamninga og starfsemi félagsins.

Það er fyrst og fremst fjölbreyttu námsefni og góðu skipulagi leiðbeinenda að þakka hversu vel tókst til með þetta námskeið og ég er sannfærður um að það á eftir að skila hæfari trúnaðarmönnum, sagði Ágúst að lokum.



Hvernig er þínu fé varið?



Ef þú leggur fyrir **2% af launum þínum** í séreignarsjóð færðu sjálfkrafa jafnhátt **mótframlag frá launagreiðanda** þínum.

Hafðu samband í síma 515 4700 til að fá nánari upplýsingar.

Gildi- lífeyrissjóður var stofnaður 1. júní 2005 þegar Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Lífeyrissjóður sjómanna sameinuðust. Þessir tveir sjóðir hafa ávallt verið í fremstu röð hvað varðar ávöxtun lífeyrissjóða og byggir Gildi því á sterkum grunni.



Sætúni 1, 105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is - gildi@gildi.is



Vinkonurnar Heiða og Karen framan við leiguíbúð Eflingar í Köben

Íbúðin í Köben

Frábært framtak Eflingar

- segja þær Heiða og Karen

Þær vinkonur Heiða Þorsteinsdóttir og Karen Jara Pálsdóttir áttu varla orð til að lýsa hrifningu sinni yfir Kaupmannahöfn og því framtaki Eflingar að bjóða upp á íbúð í miðborginni þar sem hægt var að komast í hringið borgarinnar á nokkrum mínútum. Þær sendu Eflingu frásögn sína sem hér fer á eftir.

Við vinkonurnar, Karen 16 ára og Heiða 15 ára, fórum með mæðrum okkar í vikuferð til Kaupmannahafnar um miðjan ágúst síðastliðinn.

Þegar við vorum komnar þangað eftir langt ferðalag beið okkar þessi geðveikt flotta íbúð, sem við bjuggumst engan veginn við. Húsið leit líka mjög vel út að utan. Íbúðin var mjög kósí með

Beið okkar þessi geðveikt flotta íbúð

tveimur stórum herbergjum og toppeldhúsi, sjónvarpi með öllum stöðvum og tveimur baðherbergjum með þvottavél og þurrkara, ásamt tveimur sturtum.

Staðsetningin var mjög góð, því einungis þurfti að labba í um tíu mínútur til að komast á Strikið. Meðal þess sem var líka í svipaðri fjarlægð var Tívolið, aðallestarstöðin og Kristjánía.

Við eyddum fyrstu tveimur dögum okkar í að skoða okkur um og kíkja á

Strikið. Auk þess skelltum við okkur í stóru verslunarmiðstöðina, Fields, rétt hjá flugvælinum. Eyddum þar heilum degi og var mikið verslað!

Við leigðum bílaleigubíl og lögðum hressar af stað. Leiðinni var haldið til Lalandia, sem er sund- og íþróttahöll í Rødby og því næst í Knuthenborg dýrgarðinn nálægt Maribo, þar sem við keyrðum í gegnum heimkynni dýranna.

Margir dagarnir fóru í að versla en samt náðum við að rölja í Tívolið og eyða heilum degi í því.

Þessi ferð var frábær í alla staði og veðrið ekki síðra. Við hefðum ekkert haft á móti því að dvelja aðeins lengur í þessari finu íbúð, í flottu hverfi, enda bíðum við eftir því að komast aftur.

Þökkum Eflingu fyrir frábært framtak!

Þ. Heiða Þorsteinsdóttir
Karen Jara Pálsdóttir



Vinnustaðaheimsókn í Ístex

Jólagjöfin í ár

Ullarvinnsla hefur verið samfleytt í Mosfellsbæ frá árinu 1896 og lengst af undir nafninu Álafoss. Á áttunda áratug síðustu aldar fór að halla undan fæti hjá fyrirtækinu og eftir áralanga baráttu, tóku starfsmennirnir við rekstrinum, ásamt fleiri aðilum og stofnuðu nýtt fyrirtæki árið 1991. Það hlaut nafnið Ístex hf og hefur starfað í sama húsnæði og Álafoss frá upphafi.

Ullin er keypt af bændum og þvegin í þvottastöð Ístex á Blönduósi. Síðan er hún send í spunaverksmiðjuna í Mosfellsbæ og spunnin í band.

Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru handprjónaband þ.e. Plötulopi, Álafoss lopi, Bulky lopi og Létt lopi. Þá framleiðir fyrirtækið líka ullarteppi, vélprjónaband, vefnaðarband og gólfteppaband og gefur út handprjónabækur.

Íslenska lopapeysan er án nokkurs vafa þekktasta flíkin sem framleidd hefur verið úr íslensku ullinni, en þegar að flíspeysurnar komu á markaðinn minnkaði eftirspurnin. Núna herma nýjustu fréttir að lopapeysan hafi enn á ný rutt sér til rúms í íslenska tískuheiminum.

Blaðið áhvað að heimsækja félagsmenn Eflingar hjá Ístex og forvitnast um hvaða áhrif þessi þróun hefði á afkomu þeirra.

Framhald á blaðsíðu 49

Ribena

C-vítamínríkur sólberja safí



INNITVER OG PRÍÐ 36028



Ingibjörg Jónsdóttir, Jian Wang og Helga Brynjólfssdóttir

Haustferðir Eflingar hafa notið vaxandi vinsælda á undanförunum árum. Í sumar var boðið upp tvær ferðir í Kerlingarfjöll. Fullbókað var í ferðirnar og komust færri að en vildu.

Að sögn skipuleggjenda hefur Eflingafélögum af erlendum uppruna fjölgað talsvert í þessum ferðum á undanförunum árum og núna voru níu manns frá Kína í öðrum hópnum. Jian Wang var í þeim hópi og aðspurð sagði hún að áhugi sinn á ferðalögum hefði vaknað þegar hún fór að vinna í eldhúsi á leikskólanum Sunnuborg fyrir fjórum árum.

Þá kynntist ég Helgu Brynjólfssdóttur og Ingibjörgu Jónsdóttur, samstarfskonum mínum, sem hafa verið mjög góðir samstarfsmenn og duglegar að kenna mér íslensku. Þær hvöttu mig oft til þess að fara í ferðir með Eflingu. Þegar ég sá svo auglýsta dagsferð í Þórsmörk

í Fréttablaði Eflingar sumarið 2004, spurði ég manninn minn hvort hann vildi koma með mér í ferðina. Hann svaraði því játandi og í framhaldi af því hafði ég samband við systur hans

og tvær vinkonur mínar sem allar eru búsettar hér og þeim leist líka mjög vel á hugmyndina.

Framhald á blaðsíðu 48

Stofnaði sína eigin ferðaskrifstofu

Sérhæfir sig í ferðum Kínverja hingað

Jing Wang segir að hún hafi verið leiðsögumaður fyrir landa sína í nokkrum skoðunarferðum um landið. En fyrir tveim árum hafi hún ákveðið að stofna sína eigin ferðaþjónustu ásamt vinkonu sinni og sérhæfa sig í að taka á móti ferðamönnum frá Kína. Þær opnuðu heimasíðu og fengu strax fjölmargar fyrirspurnir frá einstaklingum og ferðaskrifstofum í Kína. Einnig höfðu ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum samband við þær og nokkrir hópar hafa þegar komið hingað á þeirra vegum. Yfirleitt er gist í tvær nætur og 30 manns hafa verið í fjölmennustu hópnum.

Tekið er á móti fólkinu í Leifstöð og

ekið sem leið liggur að Bláa Lóninu. Þar er boðið upp á böð og skoðunarferðir um svæðið og kvöldverð. Að því loknu er haldið heim á hótél.

Það sem eftir er ferðarinnar er boðið upp á skoðunarferðir á Þingvöllum, Gullfossi og Geysi og fleiri áhugaverða staði. Stundum koma fyrirspurnir um lengri ferðir og þá skipuleggja þær ferðir um Suðurland og heimsækja þá m.a. Byggðasafnið að Skógum og Jökullónið á Breiðamerkursandi.

Aðsóknin hingað til lands af hálfu Kínverja hefur verið mjög góð og ég hef haft í nógu að snúast bæði í ferðaþjónustunni og leikskólanum undanfarna mánuði, sagði Jian að lokum.

Vinkonur mínar ákváðu líka að fara í ferðina, ásamt dætrum sínum og fleiri vinkonur okkar bættust svo í hópinn.

ÖLL Í SAMA NÚMERI



 **4 11 11 11**

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.


ÞJÓNUSTA FYRIR ÞIG!



Reykjavíkurborg

Tveir góðir í sólinni í Californíu

Guðmundur og Halldór í Hollywood



Guðmundur Þ Jónson, kúreki norðursins, á betri reiðhesta en þennan

Þeir Guðmundur Þ Jónson og Halldór Björnsson sendu Eflingu skemmtilega ferðasögu á dögunum eftir stórkostlega ferð þeirra til vesturstrandar Bandaríkjaanna. Þeir félagar heimsóttu fjögur ríki Bandaríkjaanna í haust, Californíu,

Arizona, Utah og Nevada. Auk þess fóru þeir um byggðir indíána. Þetta var einstök upplifun, segir Guðmundur Þ um ferð þeirra, eitt samfellt ævintýri í fallegu landslagi á þessum slóðum.

Leið þeirra lá víða enda um mikla yfir-

ferð að ræða. Þeir flugu til San Francisco og fóru síðan í langferðabíl um þessi fjögur ríki sem áður eru nefnd. Þeir heimsóttu margar af þekktustu borgum Suður-Ameríku eins og San Francisco, Los Angeles, San Diego, Phoenix og síðast en ekki síst spilaborgina Las Vegas, borg syndarinnar eins og hún er kölluð.

Það var mikil og skemmtileg upplifun að koma til þessara borga. Heimsóknin í Hollywood var skemmtileg og ekki síður í Universal Studios sem er sannkallaður gerviheimur kvikmyndanna. Þar eru reyndar áhöld um hvort er meiri gerviveröld Hollywood eða Universal Studios.

Þeir félagar heimsóttu marga þjóðgarða og má nefna Bryce Canyon, Zion í Utah og síðast en ekki síst Grand Canyon þjóðgarðinn, Miklagljúfur. Þeir félagar sögðu frá einstöku útsýnisflugi yfir gljúfrin þar sem gæti að líta eitthvert merkilegasta náttúruundur í heimi. Þetta var einn af hápunktum ferðarinnar. Þá komu þeir í Dauðadalinn,

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111-26-504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



dal sem nær dýpst 85 metra undir sjávarmál.

Þeir félagar létu ekki borg spilavítanna Las Vegas fram hjá sér fara. Það fór ekki mikið fyrir þátttöku þeirra í fjárhættuspilum en þeir tóku það fram að Las Vegas væri sérlega skemmtileg borg. Þar virðist allt vera leyfilegt og margt hægt að skemmta sér við.

Þeir félagar sögðu frá einstöku útsýnisflugi yfir gljúfrin þar sem gæti að líta eitthvert merkilega náttúruundur í heimi

Halldóri Björnssyni fannst eftirminnilegast að fá að njóta tónleikanna með Celine Dion, þeir voru meiriháttar. Troðfullt hús með strangri öryggisgæslu og myndavélar bannaðar.

En ekki er hægt að segja frá þessari



Halldór Björnsson með Sólveigu Skaftadóttur í örmum sínum

ferð öðruvísi en að segja frá heimsókn í indíánabyggðirnar. Það var alveg einstakur þáttur ferðarinnar. Þeir borðuðu hjá þeim hádegismat og keyptum af þeim handunna muni sem eru listilega gerðir.

Þeir voru í hópi fjörutíu og sjö íslend-

inga, tveggja fararstjóra og bílstjóra. Auk þess sem staðarleiðsögumenn bættust í hópinn, aðallega í borgum.

Það var Ferðaþjónusta bænda, Bænduferðir, sem skipulagði ferðina í samvinnu við þýska skrifstofu.

Jól 2005

Okkar bestu jóla og nýársósikir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
 Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



Jafnréttisdagurinn 24. október

Kristrún B. Loftsdóttir

Ótrúlegur dagur - þvílík stemmning

Konur, karlar og börn tóku virkan þátt í skipulagðri dagskrá 24. október.

Gífurlegur mannfjöldi safnaðist saman á Skólavörðuholti frá kl. 14.00. Gangan liðaðist mjög hægt niður á Ingólfstorg og úr öllum hliðargötum bættist við fólk sem var ákveðið í því að taka þátt í útifundi kl. 16.00. Það kom hins vegar í ljós að metþátttaka varð og því komust aldrei allir á leiðarenda en hlustuðu á dagskrá í hátölurum á Lækjartorgi eða einfaldlega brugðu sér á kaffihús.

Mjög vönduð dagskrá var á Ingólfs-torgi og komu þar fram margar valkyrjur til að flytja fólki jafnréttisboðskapinn. Mikil stemmning myndaðist í þeim hóp

Tvær ungar konur fluttu sína sýn á lífið og vinnumarkaðinn en önnur þeirra er félagsmaður í Eflingu-stéttarfélagi, Kristrún B. Loftsdóttir og er rætt við hana á öðrum stað hér í blaðinu

sem þar var og fengu flytjendur frábærar viðtökur. Mikla athygli vakti ávarp Amal Tamini en hún talaði fyrir hönd innflytjendakvenna. Hún kallaði eftir

samstöðu um að gera þeim kleift að búa í nýju landi án mismununar.

Tvær ungar konur fluttu sína sýn á lífið og vinnumarkaðinn en önnur þeirra er félagsmaður í Eflingu-stéttarfélagi, Kristrún B. Loftsdóttir og er rætt við hana á öðrum stað hér í blaðinu.

Miðað við þessa gífurlegu þátttöku hinn 24. okt er þessi dagur kominn til með að vera mjög táknrænn í jafnréttisbaráttunni og æskilegt að nýta hann til framgangs í jafnréttismálum.

Stemmningin þennan dag var ótrúleg. Fólk vill greinilega koma þeim skilaboðum á framfæri að hér eigi að ríkja jafnrétti í sem víðustum skilningi.

Ekta íslenskt...



ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf

Vekur upp góðar minningar

Hver þekkir ekki ilminn af nýbökuðum Vilko
vöflum með gómsætri Mömmusultu og
rjúkandi heitu Rúbín kaffi? Með fjölskyldu
og vinum í kaffinu á sunnudögum eða uppi
í sumarbústað, þá jafnast ekkert á við
gómsætar vöflur og ljúffengt kaffi.



Vilko vöflur, Mömmusulta og Rúbín kaffi, svo ekta íslenskt.


Orlofshúsin okkar

Góð umgengni er allra hagur!



Það á að vera metnaður allra að ganga vel frá í lok dvalar

SELTIN Holla saltið



- Seltin er hollara en venjulegt salt
- Seltin inniheldur helmingi minna natríumklóríð
- Seltin bragðast eins og venjulegt salt
- Seltin inniheldur mikilvæg steinefni
- Seltin stuðlar að meiri hollustu og heilbrigði
- Seltin þegar þú vilt spara saltið en halda bragðinu
- Seltin fæst bæði fínt og gróft
- Seltin í alla matargerð í stað venjulegs salts



FINN TVEIG OG NIELSEN

Gríðarlega mikil notkun er alla jafna á orlofshúsum félagsins og á það við bæði sumar og vetur. Allur þorri félagsmanna er vel meðvitaður um þessar eignir sínar og gengur vel um og passar upp á hús og innbú. Aldrei er of oft minnst á það hér í Eflingarblaðinu að félagsmenn virði sameiginlegar eigur sínar, en það getur verið kostnaðarsamt þegar skemmdir verða á húsum og húsbúnaði fyrir utan óþægindin sem af því kunna að hljóta bæði fyrir félagið og félagsmennina sem taka afleiðingunum.

Því miður koma alltaf upp þau tilvik að einhverju er ábótavant við viðskilnað gesta en það er sem betur fer undantekning. Rétt er að minna á að í slíkum tilfellum þurfa leigutakar að bera fulla ábyrgð á skemmdum sem verða vegna ásetnings eða vanrækslu og getur komið til þess að rukka þurfi þá fyrir þríf eða jafnvel skemmdir.

Umsjónarmenn sjá um öll hús félagsins og yfirfara þau eftir hverja leigu og láta skrifstofu vita ef um aðfinnslur eða athugasemdir er að ræða. Það er sá öryggisventill sem félagið byggir á varðandi umgengni húsa.

Húsin eru sameign okkar félagsmanna allra, tökum höndum saman um að hlúa að þeim og ganga um þau af tillitssemi og alúð!



Ævintýri í orlofshúsinu

Margir félagsmenn eru í þeirri aðstöðu að geta tekið vetrarfrí og dvelja þá jafnvel um lengri tíma í húsunum í hvert sinn.

Þá færist það mjög í vöxt að fólk velji að vera um jól og áramót fjarri ys og þys borgarlífsins og eyði tímanum þess í stað við kertaljós og rómantík í einhverju af orlofshúsum félagsins.

Upplýsingar um laus hús í vetur
er hægt að fá á skrifstofunni í síma
5107500.

Njótið vel.

Enn er möguleiki!

Nú er hver að verða síðastur til að nýta sér þennan kost í ár. Enn eigum við nokkrar ávísanir eftir á þessu ári og til þess að eiga rétt á þeim þurfa félagsmenn að hafa greitt félagsgjald samfelld í eitt ár og eiga að lágmarki 48 punkta í orlofskerfinu.

Orlofsávinur

Gálféðisi 2005



EFLM
ESTABLISHED

NR. 000

Kr. 5.000,-

Handað _____

Kennit _____

Nafn _____

Fimm þúsund krónur

Dagur _____

2005 _____

Formaður hofshalla

Áskjalinn gildir um þækkisgjöld fyrir eftirlitshöfðingja á tímum 2005.

Ískjalshöfðinginn hefur átt að hlutaðeigandi í skjalshöfðingnum. Skjalshöfðinginn hefur átt að hlutaðeigandi í skjalshöfðingnum. Skjalshöfðinginn hefur átt að hlutaðeigandi í skjalshöfðingnum.

Félagsmenn eru hvattir til að hafa samband við skrifstofuna til að kanna möguleika á að nýta þennan kost í síma 5107500.

Framleiðsla á þessu undrataeki hófst í Swiss fyrir meira en 50 árum og hefur verið í stöðugri þróun síðan. Barnix töfrasprotinn er nánast hljóðlaus, titrar varla og verður samtundis besti vinur þinn í eldhúsinu því hann leysir öllustu verkefni með stæl: þeytir, jafnar, saxar, hakkar, malor... Verð frá 11.500.-



kokka
laugavegi 47



opis mla. - fis. 10-18, lau. 10-18 ✉ kotka@kotka.fi

Atvinnurekendur **mega ekki hafa afskipti af stéttarfélögum**

- eða hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir



Í þessu efni er rétt að minna á að atvinnurekandi getur sagt starfsmanni upp án þess að tilgreina ástæðu en hann má ekki beita starfsmanninn hótunum um atvinnumissi vegna skoðana hans eða hafa afskipti af stéttarfélagsmálum

Nú undanfarið sem og áður hafa launþegar og þá sérstaklega ungir starfsmenn bæði á almennum markaði og hjá opinberum fyrirtækjum orðið fyrir ýmiss konar þrýstingi á vinnustað af hálfu atvinnurekenda sinna. Hér er til dæmis átt við hótanir um að verða sagt upp störfum eða annað viðmót komi fram sem er beitt vegna þessa að viðkomandi leitaði réttar síns til stéttarfélagsins vegna leiðréttingar á launum sínum eða öðrum kjörum.

Nokkur tilvik eru um þetta og virðist

sem þau færast í aukana heldur en hitt.

Það er ávallt álítaefni hvað atvinnurekendur geta gengið langt í húsbóndavaldi á vinnustöðum þegar mál koma upp af þessu tagi. Stundum er þetta tengt skipulagi vinnunnar eða breytingum á vinnustað þar sem verið er að þrýsta á um að auka vinnu og aukin verkefni eru á starfsmönnum. Mörg dæmi eru um að starfsmenn séu reknir þegar þeir leita réttar síns vegna of lágra launa, hafa ekki fengið orlof eða hvíldartími ekki verið virtur.

Í þessu efni er rétt að minna á að atvinnurekandi getur sagt starfsmanni upp án þess að tilgreina ástæðu en hann má ekki beita starfsmanninn hótunum um atvinnumissi vegna skoðana hans eða hafa afskipti af stéttarfélagsmálum. Rétt er að minna á í þessu sambandi 4 gr. laga nr. 80 frá 1938 „Lög um stéttarfélag og vinnudeilur“ en þar segir:

Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeildum með;

- a) uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn.
- b) fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

Mikilvægt er að trúnaðarmenn hafi þessa lagagrein til stuðnings og veki athygli á þeirri línu sem þarf ætíð að draga milli áhrifa atvinnurekenda og fulltrúa þeirra á vinnustað og reyna að koma í veg fyrir framferði sem lýst er hér að framan. Í þeim tilvikum er best ef viðbrögð koma strax fram hjá félagsmönnum og leitað sé til stéttarfélagsins ef þörf er á.





Útiaðstaða er góð eins og hér má sjá

Leónardóferð til Kaupmannahafnar

Heimsóttu sjö hjúkrunarheimili og einn skóla

Aðstaða til útiveru góð á flestum heimilum

Ferðin var mjög lærdómrík og við erum afskaplega þakklát þeim sem gáfu okkur kost á að víkka sjóndeildarhringinn, segir Jónína Erla Garðarsdóttir, en hún var í hópi sjö starfsmanna á Öldrunarsviði LHS, sem fóru í kynnisferð til Danmerkur. Hópurinn hittist í Kaupmannahöfn þann 5. september. En nokkrir ferðafélagar fóru á undan til þess að skoða sig um í borginni áður en fyrirhuguð dagskrá hófst.

Við heimsóttum sjö hjúkrunarheimili og einn skóla á fimm dögum og komumst að því að það er margt ólíkt í rekstri og aðstöðu á hjúkrunarheimilum hjá dönum og okkur. En samanburðurinn var ekki alltaf þeim í hag.

Það sem kom okkur helst á óvart var hvað allt var miklu opnara og frjálssara hjá þeim og hvað aðstaða til útiveru var góð á flestum heimilunum. En núna þegar ég hugsa til baka og rifja upp hvað veðrið var gott í ferðinni, þarf maður ekki að vera hissa á því, sagði Jónína að lokum.



Þátttakendur á góðri stund



Mjög áhugavert samstarf

Allar heimsins konur !

Marianna Traustadóttir, Margrét Steinarsdóttir, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, An Dao Tran, Edda Ólafsdóttir og Drífa Snædal

Á undanförnum mánuðum hefur óformlegur hópur hittst sem er að fjalla um „Allar heimsins konur“ þar sem öllum steinum er velt upp og málin rædd frá mörgum hliðum.

Þessi hópur er að skoða upplýsingaþörf kvenna af erlendum uppruna og hvað hægt sé að gera í málinu.

Meðal annars að skoða hvaða upplýsingar fólk þarfnast mest en ábendingar

eru um að auka þurfi upplýsingar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Einnig hefur komið fram að unga fólkið af erlend bergi brotið sækir síður í framhaldsnám og hefur hópurinn af því

miklar áhyggjur þegar til framtíðar er litið.

Ólík menning og viðhorf til að leita sér aðstoðar í einkamálum er líka ofarlega í huga hópsins.



Fyrirvaralaus uppsögn

Hafið samband samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.

LITLA

BÖNSTÖÐIN

BRYNGLJÁI - MÖSSUN - BLETTUN



- Bryngljái endist árum saman,
- Verndar og fegrar lakkið
- Auðveldar þrif
- Viðheldur verðmæti bílsins
- Gerum afsláttarsamninga við fyrirtæki
- Alþrif - Djúphreinsun

SKEMMUVEGUR 22 Bleik gata

SÍMI 564 6415 og 661 9232

Félagsliðum fjölga ört

Fræðslufundur í undirbúningi

Námsferð erlendis á döfinni



Frá stofnfundi Faghóps félagsliða innan Eflingar sl. vor

Mikil þörf er fyrir þessa menntun í öldrunar- og fötlunargeiranum

Mikil aðsókn er að félagsliðanáminu og eru margir að læra til félagsliða. Mikil þörf er fyrir þessa menntun í öldrunar- og fötlunargeiranum þar sem menntunin skilar sér afar vel. Fyrir á þessu ári stofnuðu félagsliðar innan Eflingar Faghóp félagsliða og var mikill kraftur á stofnfundinum. Nú er í bígerð að halda fræðslufund á vegum hópsins enda var um það rætt þegar hópurinn var stofnaður að eitt af meginverkefnum hans yði að fylgja eftir sókn til aukinnar menntunar.

Áfram verður unnið að námstækifærum fyrir félagsliða innan Eflingar-stéttarfélags. Einnig er lögð á það áhersla af Faghóp Félagsliða að halda vel utan um félagsliðana í Eflingu-stéttarfélagi.

Í undirbúningi er að sækja um námsferð fyrir nokkra félagsliða til að skoða störf sín erlendis.

Þá er í undirbúningi fræðslufund-

ur fyrir félagsliða sem verður boðaður sérstaklega með bréfi til hvers og eins.

Margt fleira er að gerast á vettvangi félagsliða eins og að allvíða eru komnar nýjar starfslýsingar fyrir þá og farið að vinna eftir þeim, en sumstaðar hefur

ástandið á vinnumarkaðnum orðið til að frestun hefur orðið á skipulagsbreytingum starfa.

Að undanfögnu hefur verið gengið frá nýrri launaröðun fyrir þennan hóp sem starfa hjá Ríki og hjúkrunarheimilum.

Sjúkrasjóðir Eflingar

Síðasti skiladagur 15. desember

15. desember er síðasti skiladagur umsókna vegna desembermánaðar.

Stefnt er að því að greiða sjúkrabætur og aðra styrki út fyrir jólin.

Skila þarf umsóknum og öðrum gögnum í síðasta lagi 15. desember n.k.

Fyrsta útborgun sjúkrasjóðs á nýju ári verður um mánaðamótin janúar/febrúar 2006.

Stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags



Gæði frá Borgarnesi



ÞEGAR HRÁEFNIÐ SKIPTIR MÁLI



Penslan veldur vanda

Kjarasamningar eru **lágmarkssamningar**

Mjög víða vantar fólk til starfa og sífellt er verið að auglýsa eftir fólki og

lítið um umsóknir um störf. Það er margra ára reynsla á vinnumarkaði að

þegar mikil þensla verður eins og nú, þá færir fólk sig milli starfa og nýtir sé þá möguleika sem skapast við að sum fyrirtæki bjóða hærri laun til að fá fólk. Í svona atvinnuástandi reynir á að fyrirtækin bjóði starfsfólki eins góð kjör og aðstæður á vinnustað og kostur er. Allir kjarasamningar eru lágmarkssamningar og því er atvinnurekendur frjálst að greiða laun umfram samninga til að halda í starfsfólk sitt.

Niðurnjörvaðir kjarasamningar valda nokkrum vanda þegar staðan er svona. Því er oft borið við að atvinnurekendur geti ekki hækkað kaup starfsfólks þar sem þeir séu bundir kjarasamningum verkafélagslaganna. Þetta er að sjálfsögðu rangt. Allir kjarasamningar eru lágmarkssamningar og atvinnurekendur heimilt að greiða hærri laun. En fyrirtæki hafa vitanlega mismunandi svigrúm til að bregðast við á þenslutímum.

Vinnustaðir sem bundnir eru framlögum ríkis eða ríkisstofnanaverða verða oft undir í samkeppni um fólk til starfa. Sveigjanleiki í launakerfum er lítill sem enginn og er mörgum vinnustöðum ætlað að vinna innan ákveðins launaramma sem ákveðinn er af hinu opinbera, sem finnur hins vegar ekki fyrir því þegar undirmönnun sligar vinnustaði og veikindi aukast í kjölfar mikils álags.

Hvað er til ráða? Samkeppni um gott fólk er og verður á vinnumarkaði en launakerfi þurfa að vera sveigjanleg til að mæta slíkri stöðu sem nú er.



*Hrafnistuheimilin óska
félagsmönnum Eflingar
og fjölskyldum þeirra
gleðilegra jóla,
árs og friðar.*

Viltu koma í starfsmannahóp Hrafnistu ?
Gefandi störf með góðu fólki.
Umsóknir um störf á www.Hrafnista.is

Séreignarsjóður Gildis - þrjár ávöxtunarleiðir

Taktu ákvörðun....**hækkaðu launin þín!**

Við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna voru séreignardeildir sjóðanna einnig sameinaðar í Séreignarsjóð Gildis. Séreignarsjóður sjómanna var í vörslu KB-banka en við sameininguna fluttust réttindi hans yfir til Gildis og verður nýr sameinaður sjóður vistaður og ávaxtaður í Sætúni 1, eins og Gildi - lífeyrissjóður. Þess má geta að þau sex ár sem Séreignarsjóður Framsýnar hefur starfað innan lífeyrissjóðsins hefur ávöxtun hans ávallt verið mjög góð og því mun Séreignarsjóður Gildis byggja á sterkum grunni. Raunávöxtun í Framtíðarsýn 1 var 23,9% árið 2003 og 14,3% árið 2004 og í Framtíðarsýn 2 var 19,1% árið 2003 og 11,2% árið 2004.

Þessir tveir séreignarsjóðir voru mjög líkir og hafði sjómannasjóðurinn upp á að bjóða sambærilegar ávöxtunarleiðir og Framtíðarsýn 1 og 2 en auk þess hafði hann þriðju leiðina sem nú hefur verið bætt inn í Séreignarsjóð Gildis sem Framtíðarsýn 3. Framtíðarsýn 3 er bundinn

verðtryggður innlánsreikningur sem hentar þeim sem vilja taka litla áhættu og er einnig hentugur fyrir þá sem eru að nalgast lífeyrisaldurinn.

Séreignarlífeyrissparnaður er tækifæri sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Mótframlag launagreiðanda og hagstæð skattlagning gerir þetta að hagstæðasta sparnaði sem völ er á. Þessi sparnaður er ómetanlegt tækifæri fyrir sjóðfélaga og mun í framtíðinni draga veruleg úr þeim breytingum sem verða við starfslok, þeim breytingum sem verða við það að fara af fullum tekjum á vinnumarkaði. Tækifærin liggja líka í því að geta tekið séreignina


Séreignarsjóðir Gildis hafa skilað frábærum árangri frá stofnun

út á ákveðnum árafjölda eftir 60 ára aldur.

Mótframlag launagreiðanda sem er 2%, má ekki liggja ónotað! Ónýtt mótframlag er í raun ákvörðun um kjaraskerðingu sem sjóðfélagar einir geta ákveðið.

Taktu ákvörðun um að hækka launin þín með því að ganga frá samningi um séreignarsparnað. Hafðu samband í síma 515-4700 og kláraðu málið!

Framtíðarsýn 1



Framtíðarsýn 2



Framtíðarsýn 3



Kjúklingur

á pönnuna, í ofnréttinn, á grillið, í salatið,
í pottréttinn og á samlokuna -

**endalausir
möguleikar!**



ÍSFUGL

Sími 566 6103 www.isfugl.is



Ný leiktæki í Svignaskarð



Í sumar ákvað stjórn Rekstrarfélags Orlofsbúðanna í Svignaskarði að endurnýja barnahús og sandkassa og gera við rólur á skipulögðum leiksvæðum á staðnum. Leitað var til Fjölsmiðjunnar

í Kópavogi og sáu starfsmenn þaðan um framkvæmdir við verkið. Viðgerð á rólunum lauk í sumar en húsin og sandkassarnir voru tilbúnir í lok september. Þá var strax hafist handa við að

flytja leiktækin upp í Borgarfjörð og er myndin tekin þegar bílstjórinn sem sá um flutninginn kom einu húsi af fjórum fyrir á efra svæðinu í orlofslandinu.

Aftur í nám besta tækifærið

Nýr heimur fyrir lesblinda

Nú hefur nýr hópur útskrifast af námskeiðinu „Aftur í nám“ sem er fyrir fólk sem glímir við lesblindu eða lestrarörðugleika. Þessi námsleið hefur vakið mikla athygli og nú er biðlisti á hvert námskeið. Þetta er afar mikilvægt námstæki fyrir fólk sem er að glíma við lesblindu eða lestrarörðugleika.

Mímír-símenntun hefur staðið að þessu námi í um tvö ár og aðsóknin sífellt að aukast. Æ fleiri félagsmenn í Eflingu hafa leitað eftir þessu tækifæri og er þeim vísað á þær leiðir sem standa þeim til boða.

Óhætt er að fullyrða að ekkert stéttarfélag hefur staðið jafn vel að þessu máli og Efling.

Við óskum þessu nýja hóp til hamingju með árangurinn en nýr hópur kemst í námið eftir áramót.



Sendum félögum Eflingar-stéttarfélags og fjölskyldum þeirra
hátiðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári

NETTÓ
Alltaf rætt á gróðu!

Ali

SECURITAS

GLERTÆKNI ehf
VILUTINDAR 21 • 270 VEFVÖLLERGAJE • SMÍÐAVERK • TÆL SMÍÐIR

GRUND

**Deloitte
& Touche**

**HLAÐBÆR
COLAS**

Hreint
EASTING

emmessis

ENDUVINNISLAN HF
Alvörungur á Pósthúsi 4011, 101 Reykjavík
Sími: 550 5000, 550 5001, 550 5002

Reykjavíkurborg
Frankvæmdasvið

GARÐABÆR
www.gardabær.is

Félag hársnyrtisveina
Suburlandsbraut 30
108 Reykjavík Sími: 5356000

VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Esso
Ölufélagið hf
www.esso.is

FIT
FÉLAGIÐ HINN DR. FRANKFURTER

Guðmundur Jónasson ehf.
Fréðaskrifstofa
Gistheimill
Sérleyfis- og hóptætur
Borgartúni 34, Reykjavík
Sími 511 1515 Fax 511 1511
Email: gitravel@gitravel.is
www.gitravel.is

**HITAVEITA
SUÐURNESJA HF.**

ÍSTAK

BSRB

KASSAGERÐIN HF
CENTRAL PACKAGING

ora

NÓI SÍRÍUS

Byggingafélag

RAFIÐNAÐARSKÓLINN
Skeifan 11b • Sími 568 5010

**VST Verkfæðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.**

VSÓ
VSÓ Ráðgjöf

WWW.JOIFEL.IS

olís

HB GRANDI

ASI

MJOLKA

Stofufélagssamband Íslands

**TECHNISTOFA
SÍÐLAUGA
SAMBANDSÍÐLAUGA**

**VLF
HLÍF**

MATVÍS
Matvél-
og vefingarsamband
Íslands

VS FK

Beitihúsið
Húsið er hýst í Reykjavík, í gamla húsinu.

**VERSTJÓRAFÉLAG
REYKJAVÍKS**

KÖPAVOGUR

Framhald af blaðsíðu 30

Gaman að ferðast...

Í byrjun september lögðum við svo upp í ferðina og sáum marga áhuga-verða staði á leiðinni. Þegar við komum í Þórsmörk var ekið í Bása og fólki gefinn kostur á að borða nestið sitt. Að því loknu var boðið uppá þrjár mismunandi gönguferðir í einni af fegurstu náttúruperlu Íslands. Stórkostlegt landslag blasti við hvert sem litið var. Ekki skemmdi heldur fyrir að veðrið var mjög gott og við tókum mikið af myndum. Þegar við komum til baka bauð Efling uppá síðdegishressingu. Á heimleiðinni var svo komið við í bláberjalaut og við tíndum bláber og borðuðum þau jafnóðum.

Í haust fór ég svo í Kerlingarfjöll á vegum Eflingar og Alexander sonur minn átta ára var með í ferðinni. Vinkonur mínar ákváðu líka að fara, ásamt dætrum sínum og fleiri vinkonur okkar bættust svo í hópinn.

Lagt var af stað snemma morguns og



Jian Wang ásamt Alexander syni sínum og vinkonum

ekið að Geysi og Gullfossi og staldrað við þar en síðan ekið upp í Kerlingarfjöll og þeir sem höfðu áhuga gengu á fjöll og skoðuð voru hverasvæðin. Veðrið var einstaklega fallegt, heiðskirt og stillt og útsýnið stórkostlegt. Á heimleiðinni var komið við í Gullfosskaffi og hópnum

boðið uppá íslenska kjötsúpu. Ferðafélagar mínir voru sammála um að dagurinn hefði heppnast mjög vel og töluðu um að fara aftur í svona ferð á næsta ári, enda er gaman að ferðast með Eflingu um Ísland, sagði Jian Wang að lokum.

Dagbók Eflingar

Nýtt útlit og efni mælist vel fyrir

Dagbók Eflingar-stéttarfélags kemur út í desember og verður send félagsmönnum í stóru upplagi. Efni bókarinnar var breytt mikið á síðasta ári en það hefur mælist vel fyrir.

Í bókinni er nú að finna öll helstu málefni sem snerta félagsmenn Eflingar. Bókin er í handhægu gormabandi. Dagbókin liggur frammi í afgreiðslu félagsins og er jöfn eftirspurn eftir henni fram á síðustu mánuði ársins.

Í dagbókinni er fjallað er um öll helstu mál sem snerta félagsmenn, réttindi og skyldur launafólks þannig að um mjög hagnýtt efni er að ræða. Líta má á bókina sem eins konar uppflettirit til að finna helstu upplýsingar um Eflingu, sjóði félagsins og annað gagnlegt.

Farið er yfir helstu áfanga í kjarabaráttu síðustu aldar, fjallað um kosti þess að vera félagsmaður í Eflingu og minnt á helstu atriði sem snerta kjör félagsmanna og kjarasamninga.

Mjög gagnlegar upplýsingar eru um fræðslumál félagsins, sjóði þess og möguleika félagsmanna til að efla menntun sína og þekkingu.

Greinargóðar upplýsingar eru um réttindi í orlofs- og sjúkrasjóði og helstu



atriði varðandi réttindi atvinnulauss fólks.

Mikilvægt er að félagsmenn hafi samband við skrifstofu Eflingar ef þeir

fá ekki heimsenda dagbók. Þá verður bætt úr því eins fljótt og kostur er.

Framhald af blaðsíðu 29

Vinnustaðaheimsókn



Valur Steingrímsson

Verðbólgan angrar okkur með kjaraskerðingu

- segir Valur Steingrímsson

Valur Steingrímsson, trúnaðarmaður segir að vinsældir lopapeysunar undanfarna mánuði hafi fjölgað krónunum í

launaumslagi starfsmanna sem vinni við framleiðsluna. Ég fór að vinna við framleiðslu á lopa hjá Álafossi í ársbyrjun

1973 og þá var oft unnin aukavinna. En svo lagðist hún af þegar að nýir aðilar tóku við rekstrinum, segir hann.

Valur segir enn fremur að flíspeysan hafi átt stærstan þátt í því. Lopapeysur hættu að seljast í sama mæli og áður þegar hún kom á markaðinn.

Ég vinn á vél sem kembir ullina í þræði og síðan fara þeir í spunavél og verða að lopabandi sem er notað í peysurnar.

Við mætum venjulega í vinnuna klukkan átta að morgni og förum heim klukkan hálf fjögur síðdegis. En núna er unnin aukavinna til klukkan sex flesta daga og vonandi helst það eitthvað áfram.

Valur hefur verið trúnaðarmaður Eflingarfélaga hjá fyrirtækinu í tíu ár. Aðspurður hvort hann hafi þurft að takast á við einhver átakamál, segir hann svo ekki vera. Samskipti starfsmanna og stjórnenda hafa alla tíð verið mjög góð og öll aðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar.

Það er helst verðbólgan, sem er að angra okkur með kjaraskerðingu. Þess vegna bind ég miklar vonir við að lopapeysurnar verði vinsælasta jólagjöfin í ár, það yrði ekki svo slæmt, sagði Valur.



Guðmunda Jónsdóttir

Kvöldvaktin dróst langt fram á kvöld

Guðmunda Jónsdóttir

Guðmunda Jónsdóttir sagðist aðallega vinna við að hespa og aðstoða við þökkun, þegar mikið væri að gera. Þegar ég vann hjá Álafossi fyrir mörgum árum, var unnið á vöktum og þá dróst kvöldvaktin oft langt fram á nótt, segir hún.

Hún segir enn fremur að nánast sömu

vélar og eins vinnubrögð séu notuð við framleiðsluna hjá Ístex og voru á gamla vinnustaðnum.

Hvað launin varðar þá mættu þau vera hærri, en bónusinn og eftirvinnan lyftir þeim aðeins upp, sagði Guðmunda að lokum.

Unnið á flestum vélum hér

- segir Kolbrún Garðarsdóttir



Kolbrún Garðarsdóttir

Kolbrún Garðarsdóttir, hefur unnið í ullariðnaðinum í Mosfellsbæ frá árinu 1976. Það hefur verið með hléum og vinnur hún núna við þökkun í dokku-deild. Ég hef unnið á flestum vélum sem eru notaðar við framleiðsluna, segir hún.

Aðspurð um bætta afkomu svaraði hún að tveir vinnutímar aukalega flesta daga gæfu aðeins meira í launaumslagið. Það munar um það, segir Kolbrún.

Framhald af blaðsíðu 16

Hæstiréttur snéri við...

3) Jón gerði kröfu um greiðslu launa vegna unninna stunda í desembermánuði 2003 auk greiðslu samningsbundinna frídaga samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og veikindadaga en Jón var frá vinnu í tvo daga í desember vegna veikinda. Byggt var á því að fyrirsvarsmaður fyrirtækisins hafi í krafti stjórnunarréttar síns ákveðið að hann skyldi vera heima frá 19. desember 2003 og fram í janúar 2004 í stað þess að finna verkefni fyrir hann eða segja honum upp störfum.

4) Jón gerði kröfu um vangreidd laun í janúarmánuði 2004 og var gerð krafa um greiðslu 176 dagvinnustunda, sem var sá fjöldi stunda sem Jón hefði fengið greiddar hefði hann verið að vinna í mánuðinum. Krafan um laun vegna janúarmánaðar var rökstudd með sömu rökum og krafa vegna launa í desembermánuði 2003. Jón leit svo á að á meðan honum hafi ekki verið sagt upp störfum hafi hann verið starfsmaður fyrirtækisins.

5) Þar sem uppsögn miðast við mánaðamót gerði Jón kröfu um greiðslu launa á uppsagnarfresti í einn mánuð, þ.e. febrúar og var krafan rökstudd með ákvæðum kjarasamnings sem í gildi var á umræddum tíma, þar sem fram kemur að mánaðarkaupsmenn eigi ávallt rétt til eins mánaðar uppsagnarfrests. Byggt er

á því að í janúarmánuði hafi Jóni verið gert ljóst að ekki yrði um frekari vinnu að ræða og jafngiltu þessar upplýsingar uppsögn af hálfu fyrirtækisins.

6) Fyrirtækið gerði kröfu um að úttektir Jóns út á reikning fyrirtækis í tilgreindri verslunin, samtals að fjárhæð kr. 27.355, kæmu til frádráttar launagreiðslum til hans. Jón samþykkti skuldajöfnuð að fjárhæð kr. 24.115 en hafnaði honum að öðru leyti. Fyrirtækið byggði rök sín á því að með vísan til 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups sé það meginregla að greiða skuli verkkaup með gjaldgengum peningum og eigi megi greiða kaup með skuldajöfnuði nema svo hafi verið um samið sérstaklega.

Niðurstaða héraðsdóms

Í forsendum niðurstöðu héraðsdóms segir að miðað verði við að Jón hafi fengið uppsagnarbréf frá fyrirtækinu og hann hafi því unnið uppsagnarfrest sinn í nóvembermánuði. Hinsvegar hafi Jón sóst eftir vinnu áfram hjá fyrirtækinu í desember eftir því sem verkefni féllu til. Ljóst sé að uppsögn hans hafi verið vegna fyrirsjáanlegs verkefnaskorts og ekki sé staðfest af fyrirtækinu að honum hafi verið lofuð vinna eftir jólin. Það var mat réttarins að „...ekki sé um að ræða svo fast og langvarandi vinnusamband eftir uppsögnina að stefnandi hafi átt rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti...“. Fallist var á að Jón ætti rétt á einnar viku

uppsagnarfresti. Fallist var á greiðslu launa til hans vegna unninna stunda í desembermánuði og greiðslu veikindalauna. Vegna orlofskröfu Jóns segir í niðurstöðu héraðsdóms að þegar litið sé til framburðar fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og vitnis fyrirtækisins þyki ljóst að umsamin laun hafi verið kr. 1.200 / klst að meðtöldu orlofi. Þegar litið sé til umsamdra vinnutaxta samkvæmt kjarasamningi séu 1.200 kr/klst svo langt yfir jafnaðarkaup, sem ákveðið yrði samkvæmt þeim að „...10,17% rúmast vel inn í 1200 króna tímakaupinu, án þess talið verði að þá sé það komið niður fyrir umsamin lágmarkslaun...“, enda hefði Jón borið að mótmæla því þegar í stað ef hann taldi launaseðlana ranga. Hafnað var því orlofslaunakröfu hans.

Niðurstaða Hæstaréttar: Krafan að fullu tekin til greina

Niðurstöðu héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar og var niðurstaða hans allt önnur en niðurstaða héraðsdóms. Þar var krafa Jóns tekin til greina að fullu. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir að ekki þurfi að taka afstöðu til þess hvort Jón hafi verið sagt upp störfum í lok októbermánaðar 2003, enda hafi ekki verið hnekkð þeirri staðhæfingu hans að hann hafi haldið áfram óbreyttum störfum hjá fyrirtækinu um nokkurra vikna skeið í desember 2003 og ekki hafi verið sýnt fram á að samið hafi verið sérstaklega á því tímabili um önnur ráðningarkjör en áður giltu. Því verði að líta svo á að fyrirtækið hefði í verki fallið frá uppsögn hans. Þá sé óumdeilt að Jón hafi átt rétt til eins mánaðar uppsagnarfrests og ekki hafi því verið borið við af fyrirtækinu að Jón hafi vikist undan störfum á uppsagnarfresti. Dæmt var að Jón skyldi fá greidd umkrafin laun vegna desember og janúar auk launa á uppsagnarfresti í febrúar. Vegna kröfu Jóns um greiðslu orlofs segir að Málun og spörlun verði að bera sönnunarbyrði fyrir því að samið hafi verið um þá skipan að orlofsfé væri innifalið í tímakaupi hans. Þetta hafi fyrirtækið ekki gert og því séu engin efni til annars en fallast á með Jóni að hann eigi rétt til að fá orlofsfé greitt til viðbótar umsömdum launum fyrir störf sín. Vegna skuldajafnaðarkröfu fyrirtækisins segir í niðurstöðu dóms Hæstaréttar að ekki hafi verið sýnt fram á að sú fjárhæð sem komi til skuldajafnaðar eigi að vera hærri en sú fjárhæð sem Jón hafði viðurkennt fyrir dómi.

Höfundur er lögmaður Eflingar-stéttarfélags og starfar á Lögmannsskrifstofu Atla Gíslasonar

Ekki eyða stórrí fjárhæð í gamlan bil!



**Ódýrir notaðir varahlutir
Ódýr dekk, notuð og ný**

Vaka Vaka ehf - Eldshöfða 6
Sími: 5676700

www.vakaehf.is

Framhald af blaðsíðu 23

Eftirréttir Guðrúnar
Pönnukökur fyrir sex

Vanillu ís:

2 eggjarauður
2 egg
125 g sykur
2 – 3 tsk vanillussykur
5 dl rjómi
Saxað súkkulaði
1 msk sítrónusafi.

Þeytið saman eggjarauður, egg og sykur þar til blandan er ljós og létt. Bætið vanillussykrinum út í og hrærið vel. Þeytið rjómann og blandið honum saman við ásamt söxuðu súkkulaði eftir smekk og sítrónusafanum. Setjið blönduna í form og frystið.

Forréttur:

Grafin nautalund með hvítlaukkssósu að hætti Guðrúnar.

Efni:

500 g – 1 kg nautalund
1 msk timjan
1 – 1 1/2 msk mulið rósmarín
1 msk mynta
1 – 2 lárviðarlauf, mulin
1 – 2 msk Sítrónupipar
1 1/2 – 2 kg matarsalt

Snyrtið lundina og fjarlægið stóru sinina. Blandið saman timjan, rósmarín, myntu, lárviðarlaufum og sítrónupipar. Þekið lundina alveg með kryddblöndunni, núði henni inn í kjötið svo kryddið tolli utan á. Þekið botninn á glerfati með grófu salti. Leggið lundina ofan á og hellið salti yfir hana þannig að hún sé að mestu leyti þakin. Látið kjötið standa í saltinu í 4 – 5 klst við stofuhita. Takið lundina úr saltinu. Burstið saltið af kjötinu með því að gefa því nokkra selbita. Pakkið kjötinu inn í álpappír og setjið það í frysti. Látið það frjósa. Takið lundina úr frysti 1 – 2 klst fyrir framreiðslu.



Skerið lundina hálfrosna í örpunnar sneiðar og berið fram með hvítlaukkssósu.

Hvítlaukkssósa:

1 – 2 dósir sýrður rjómi
5 – 6 hvítlauksrif
(má vera meira ef vill)
1 tsk sítrónupipar
Nokkrir dropar Tabasco sósa

Stráið einni tsk af salti á skurðarbretti og merjið hvítlaukinn með hnífshakka þar til hvítlaukurinn er orðinn að þykku mauki. Hrærið hvítlauknum, sítrónupiparnum og Tabasco sósunni saman við sýrða rjómann. Látið sósuna standa í kæli þar til hún er borin fram.



Íslenskunám hjá Samskipum

Pólverjar læra
tungumálið

Það er afar mikilvægt að fólk sem flytur á milli landa fái tækifæri til að læra tungumál nýja landsins. Hjá Samskipum er verið að kenna hópi Pólverja og einum Frakka íslensku en kennslan er á vegum Mímis-símenntunar. Þetta er fólk sem hefur verið hér í mismunandi langan tíma og hafa sumir ákveðið að vera hér áfram.

Lykilinn að góðum samskiptum á vinnumarkaði er að geta tjáð sig og fengið réttar upplýsingar. Íslenskukennslan er því lykillinn að aðlögun fólks að nýju samfélagi.

Samskip hefur með þessu samstarfi enn og aftur brotið blað í því að auka þekkingu sinna starfsmanna.

Gleðilega hátíð



ISS Ísland óskar starfsfólki sínu, fjölskyldum þeirra og félagsmönnum Eflingar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum starfsmönnum vel unnin störf á árinu sem er að líða.

Fagmennska í áratugi

ISS Ísland ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignasjónar. Fyrirtækið býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði, umsjón með mótuneytum, þrif og eftirlit með loftræstikerfum og fl. ISS leggur áherslu á að veita starfsfólki fyrsta flokks vinnuaðstæður, þjálfun og besta búnað sem völ er á.



Reykjavík: Ármúli 40, sími 5 800 600, fax 5 800 666
Akureyri: Strandgata 1, sími 5 800 600, fax 462 7575
Heimasíða: www.iss.is



SEINLÁT
KONA
TÁB
SUG

VERKUN
ÖN
AUGUNNA

EINS

RAFERNA
GLEDA

PLANTA
BAJAR-
NAFN

SLAM
GAÍNA
FÉLÐI

STERVA
KONA

☺		STJARNJA FLUG- VÆL	KIND MONT	EINKA ST.	ABA LÉT- KJALKI				3					
KANTUR SAMO- FUGL											5			
RÖSTUR MORGUN SIL														
SKABI		2			GRASI VAKINN TANGI KERULD			9		EINS HANS DRÖGTT				
GAÖN NAIR														
DRÖPA TRÚAN- DRÖD SILKINN	↓										12			
SIGARI				13	MIS KONA NIDUR SEPA			7						ILAT RANN- SAGA
TIL ←				ÖSAR STJANA GLETA						TANDI KÖTIR				
HYGNI ↓				10V JAMN- SK-ST.			10			HVAS STRIM KROT		1		
FOTA- NUNNA						KUNNA ORDAR							TÖK EINS LATT	
ACN LÉT- NIDUR KONA							14							
LARDI		4			FORAD LÉT- AROLD						SKRAF VERILUN			8
☺		FISKA FLAND DRÖNN LANG						11						
☺	→								→					
ORT EINS			6							HALF- ACID				
RAIR FLEGG NIDUR- SPEIT														
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	


Lausnarorð:

Nafn: _____ Vinnustaður: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.
 Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.
 Svar þarf að berast fyrir 15. desember nk.



Svanhvít Kjartansdóttir fékk vinninginn

Svanhvit Kjartansdóttir var svo heppin að hreppa vinning síðustu krossgátu Eflingarblaðsins. Efling sendir henni bestu kveðjur með ósk um að peningarnir komi henni vel.

Lausn síðustu krossgátu



Lausnarorðið var:
RÓMANTÍK

allt fram streymir...



Námsflekur Reykjavíkur

skóli í mótun



Jólaball Eflingar

Takið **28. desember** frá fyrir börnin!!!

Jólaball Eflingar-stéttarfélags verður haldið miðvikudaginn 28. desember 2005 að Versölum Iðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg 1 frá kl. 16.30 til 18.30. Húsið opnað kl. 16:00.

Margt verður sér til gamans gert.

Jólasveinar koma af fjöllum og spjalla við börnin.

Hljómsveitin Snillingarnir sér um söng og leiki og undirspil við dansinn í kringum jólatréð.

Boðið verður upp á veitingar við hvers manns hæfi, kaffi, gos, kökur og svo auðvitað nammipoka fyrir börnin.

Miðasala verður á skrifstofu Eflingar frá mánudeginum 5. desember alla virka daga fram að jólum meðan miðar endast.

Vinsamlega athugið að vegna mikillar aðsóknar er nauðsynlegt að tryggja sér miða tímanlega. Hægt er að hringja í síma 5107500 og fá miða frátekna.

Miðaverði er mjög í hóf stillt að vanda Eflingar.

Miðaverð fyrir barn er 400 kr. en fyrir fullorðinn 600 kr.

Sendum félögum Eflingar-stéttarfélags og fjölskyldum þeirra hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári

AFL – Starfsgreinafélag Austurlands

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf., Smiðjuvegi 14, Kópavogi

Björgun ehf., Sævarhöfða 33, Reykjavík

Borðinn, verkalyðsfélag Hveragerði

Borgarbyggð

E.T. verslun ehf., Klettagörðum 11, Reykjavík

Eining - Iðja, Akureyri

Ernst & Young hf., Ármúla 6, Reykjavík

Falleg gólf ehf., Nesbala 25, Seltjarnarnesi

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

Faxaflóahafnir

Félag íslenskra hljómlistarmanna

Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut, Reykjavík

Hampiðjan, Flatahrauni 3, Hafnarfirði

Kaupfélag Vestur – Húnavetninga

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Ottó B. Arnar ehf., Ármúla 29, Reykjavík

Seltjarnarneskaupstaður

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur

Sjómannasamband Íslands

Smur, bón- og dekkjapjónustan sf. Sætúni 4, Reykjavík

Stéttarfélagið Samstaða, Blönduósi

Verkalýðsfélag Akraness

Verkalýðsfélag Stykkishólms


Verkalýðsfélag vestfirðinga

Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði

Verslunarmannafélag Austurlands

Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar

P&O www.internet.is/po



Láttu peningana vaxa á Netinu

SPV Net

Hagstæður reikningur fyrir sparnað sem ekki má binda til lengri tíma. Vextir hækka eftir því sem inneignin stækkar.

- Alltaf laus
- Enginn kostnaður eða þóknun
- Engin lágmarksinnstæða
- Hægt að nota sem launareikning eða fyrir sparnað.

Spv Net+

Hagstæðasta ávöxtun sem völ er á fyrir langtímasparnað.

- Verðtryggður hávaxtareikningur
- Enginn kostnaður eða þóknun
- Engin lágmarksinnstæða
- Bundinn til 5 ára

SPV Net og SPV Net+ eru þægilegir og öruggir. Með því að nýta nýjustu tækni og beina öllum samskiptum Net-reikningshafa í gegnum vef SPV og Heimabankann getur SPV boðið betri ávöxtun en býðst á sambærilegum reikningum hér á landi.

Leitaðu þér uppl. um SPV Net og SPV Net+ á heimasíðu SPV, www.spv.is, eða með því að hringja í Þjónustuver SPV í síma 5754100



spv
Sparisjóður
vélstjóra
www.spv.is